FRÉTTABLAÐIÐ

249. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 25. OKTÓBER 2019



Haustið er komið í borgina og var mikill öldugangur við Sæbrautina síðdegis í gær. Vel búinn ferðamaður lét brimrótið lítið á sig fá enda hluti af upplifuninni af Íslandi. Veðrið er þó talsvert verra annars staðar á landinu. Gul viðvörun var á öllu Norðurlandi í gær og er appelsínugul viðvörun á Suðausturlandi fram til hádegis í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Fela ekki í sér afslátt á reglum

**VIÐSKIPTI** Sérfræðingur í samkeppnisrétti segir fyrirhugaðar breytingar á samkeppnislögum ekki fela í sér neinn afslátt á framfylgd samkeppnisreglna. Reglurnar verði sambærilegar þeim sem gilda í nágrannalöndum.

„Allt tal um að verið sé að veikja Samkeppniseftirlitið finnst mér vera ósannfærandi. Ef frumvarpið



Heimir Örn Herbertsson

nær fram að ganga verða samkeppnisreglur hér á landi mjög sambærilegar þeim sem gilda í nágrannaríkjum okkar og engin ástæða er til að ætla annað en að þær muni virka sem skyldi,“ segir Heimir Örn Herbertsson, sérfræðingur í samkeppnisrétti og lektor við Háskólann í Reykjavík.

– tfh / Sjá síðu 4

# Hyggjast fljúga til Íslands í vor

**Kínverska flugfélagið Juneyao Air hyggst hefja flug frá Shanghaí til Íslands næsta vor. Ríkisflugfélagið Air China er einnig að skoða möguleika á flugi á milli Peking og Keflavíkur í gegnum Kaupmannahöfn.**

**SAMGÖNGUR** Kínverska flugfélagið Juneyao Air hyggst hefja flug til Íslands næsta vor. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er áætlað að félagið fljúgi frá borginni Shanghaí til Íslands með viðkomu í Helsinki, allt að þrisvar í viku.

Juneyao Air var stofnað árið 2006 og á 72 farþegaflugvélar sem samanstanda af Airbus A320 vélum og Boeing 787 Dreamliners vélum.

Í leiðakerfi flugfélagsins eru 160 flugleiðir sem tengja stærstu borgir Kína og nágrannaríkin. Farþegar á árinu 2018 voru yfir 18 milljónir. Félagið er þátttakandi í flugbandalaginu Star Alliance.

Félagið hóf í lok júní í ár beint daglegt flug til Helsinki frá Shanghai Pudong flugvellinum. Það er í samstarfi við finnska flugfélagið Finnair um leiðakerfi.

Ef af yrði myndi flug Juneyao Air teljast utan Schengen við komuna til Keflavíkur þrátt fyrir viðkomuna í Helsinki.




Juneyao Air er með daglegt flug mili Shanghai og Helsinki. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Loftferðasamningar milli ríkja kveða á um að flugfélög njóti tilnefningar frá viðkomandi stjórnvaldi. Ekki er ljóst hvort Juneyao Air hefur slíkar tilnefningar frá kínverskum stjórnvöldum.

Fleiri kínversk flugfélög hafa áhuga á Íslandi.

Í sumar var greint frá því að Tinajin Airlines hefði sótt um þrjá afgreiðslutíma í hverri viku á Keflavíkurflugvelli fyrir komandi vetur. Þar var gert ráð fyrir flugi frá Wuhan til Helsinki og þaðan til Íslands. Þeim áformum hefur nú verið seinkað fram á næsta ár. Félagið hefur einnig skoðað möguleika á flugi frá Wuhan til Íslands í gegnum Brussel í Belgíu.

Að auki hafa tvö önnur flugfélög verið að kanna flug til Íslands. Annars vegar ríkisflugfélagið Air China sem er langstærsta flugfélag Kína og eitt stærsta flugfélag heims. Það flutti yfir 100 milljónir farþega árið 2017. Það flýgur nú til 232 áfangastaða í heiminum. Hins vegar Beijing Capital Airlines sem er mun minna flugfélag en í eigu kínverska flugrisans Hainan Airlines.

Heimildarmenn Fréttablaðsins telja líklegra að áform Air China verði að veruleika en Beijing Capital Airlines. Kannar Air China nú möguleika á flugi frá höfuðborginni Peking til Íslands með viðkomu í Kaupmannahöfn.

arib@frettabladid.is



## Veður




Norðlæg átt víða 10-18 m/s en 18-25 SA-lands en heldur hægari um tíma í kringum hádegi. Úrkomulítið á sunnanverðu landinu, annars víða él, en samfelld snjókoma norðaustan til fram eftir degi. Frost víða 1 til 7 stig. SJÁ SÍÐU 16

# Vill göng undir Tröllaskaga

**SAMGÖNGUR** Varaþingmaður Framsóknarflokksins hefur lagt fram þingsályktunartillögu um að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra láti hefja vinnu við frumhönnun og mat á hagkvæmni á gerð jarðganga á Tröllaskaga.

Tröllaskagagöng yrðu á milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. „Göngin koma þá út Hjaltadal og yfir í Eyjafjörðinn, þau myndu tengja saman Mið-Norðurland,“ segir Stefán Vagn Stefánsson, varaþingmaður Framsóknarflokksins. „Með þessum göngum væri fólk að sleppa við að fara yfir Öxnadalsheiðina og sleppur við Vatnsskarðið eins og það er í dag. Bílar væru þá að aka um Þverárfjallsveg í staðinn og lækka þannig um hundrað metra.“



**Stefán Vagn Stefánsson.**

Hann segir sveitarstjórnir beggja vegna heiðarinnar, á Sauðárkróki og Akureyri, vilja skoða þennan möguleika. Göngin eru ekki á samgönguáætlun, en Stefán Vagn bindur vonir við að þau rati inn á sérstaka gangaáætlun ráðherra. „Við gerum okkur fulla grein fyrir því að þetta er ekki að fara að gerast á næstu einu eða tveimur árum, við viljum fyrst og fremst koma þessu af stað.“ **– ab**

**LEIÐRÉTTING**

*Þau leiðu mistök urðu í blaðinu í gær, fimmtudag, að stjörnugjöf með myndinni Agnes Joy féll niður. Myndin átti að fá 5 stjörnur.*

## Allt á floti




Vatn flæddi um ganga Kringlunnar og inn í verslanir eftir að brunavarnakerfi tók að ausa úr sér síðdegis í gær. Um fjögurra sentimetra djúpt vatn þakti um hundrað fermetra svæði frá Stjörnutorgi og í áttina að útibúi Arion banka. Slökkviliðsmenn aðstoðuðu starfsmenn Kringlunnar við að þurrka upp vatnið á meðan viðskiptavinir, starfsfólk verslana og aðrir fylgdust með. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

# Krafa ríkisins óbreytt um sinn

**DÓMSMÁL** Fyrirtaka var í máli Guðjóns Skarphéðinssonar gegn íslenska ríkinu í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Fram kom að kröfur setts ríkislögmanns eru óbreyttar en í greinargerð hans, sem verið hefur til umfjöllunar bæði í fjölmiðlum og á Alþingi, kemur fram að ríkið krefst sýknu af bótakröfum Guðjóns á þeim grundvelli meðal annars að hann beri sjálfur ábyrgð á því að grunur hafi beinst að honum vegna hvarfs Geirfinns Einarssonar.

Skilja mátti lögmann ríkisins, Andra Árnason, á þann veg að kröfur ríkisins yrðu óbreyttar í málinu nema Alþingi samþykki frumvarp Katrínar Jakobsdóttur, forsætisráðherra, um bætur til þeirra sem sýknaðir voru í Hæstarétti í fyrra.

Ekki hefur verið ákveðið hvenær aðalmeðferð málsins fer fram en í fyrirtökunni í gær veitti dómari aðilum frest til gagnaöflunar. **– aá**

# Fyrrverandi skólastjóri skákvæðir Grafarvog

**Fyrrverandi skólastjóri Rimaskóla hefur hrundið af stað átaki til að skákvæða Grafarvoginn í Reykjavík. Hann segir skákina hafa hjálpað mörgum nemendum sem áttu í erfiðleikum með einbeitingu og fundu sig ekki í námi.**

**ÍÞRÓTTIR** Helgi Árnason, fyrrverandi skólastjóri Rimaskóla, er kominn á eftirlaun en er þó hvergi nærri sestur í helgan stein. Hann er formaður Skákdeildar Fjölnis sem hefur hafist handa við að skákvæða Grafarvog og Stórhöfða eins og svæðið leggur sig. Fyrsta skáksettið var afhent við athöfn í heimsókn í Íslandsbankaútibúið á Höfðabakka í gær.

Helgi gegndi starfi skólastjóra í Rimaskóla í 26 ár. Á þeim tíma vakti skólinn verðskuldaða athygli fyrir öflugt skákstarf fyrir nemendur. Íslandsmeistara- og Norðurlandatitlar hrúguðust inn og hver afreksmaðurinn á fætur öðrum leit dagsins ljós innan skólans. Þar á meðal yngsti stórmeistari Íslendinga, Hjörvar Steinn Grétarsson, og nýjasti landsliðsmaðurinn Dagur Ragnarsson, sem einmitt mun þreyta frumraun sína á Evrópumeistaramóti landsliða í Batumi í Georgíu í vikunni.

„Maður er náttúrulega afar hreykinn af þessum öflugu skákmönnum sem urðu til innan skólans,“ segir Helgi. „Það sem var þó ekki síður mikilvægt var að margir nemendur sem áttu erfitt með einbeitingu og fundu sig ekki í námi blómstruðu í skákinni. Það hjálpaði þeim síðan í náminu.

Það má segja að afreksfólkið hafi verið ánægjuleg aukaafurð en stóra málið var að skákin studdi vel við skólastarfið og fjölmargir nemendur höfðu ánægjuleg kynni af þessari list þó að þeir hafi ekki lagt skákina fyrir sig.“

Helgi var sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu í sumar fyrir starf sitt að skóla- og skákmálum ungmenna. Hann segir að sá heiður hafi virkað sem hvatning frekar en skilaboð um að fara að slaka á.

„Núna hef ég mun meiri tíma og get því einbeitt mér að hverfinu mínu frekar en bara einum skóla. Skákdeild Fjölnis var stofnuð árið 2004 að frumkvæði okkar Hrafns Jökulssonar og Guðlaugs Þórs Þórðarsonar ráðherra.

Í dag er unnið þar öflugt starf enda er félagið orðið eitt stærsta taflfélag landsins. Við viljum efla það enn frekar og höfum því blásið til átaksins Skákvæðum Grafarvog. Markmið þess er að skákvæða fyrirtæki í Grafarvogi og Ártúnshöfða. Í framhaldinu viljum við svo bjóða upp á margs konar samstarf um fjöltefli í vinnustað, vinnustaðaskákmót og aðrar uppákomur,“ segir Helgi og er bjartsýnn á árangur skákvæðingarinnar í Grafarvogi.



**Skák er sívinsæl íþrótt með iðkendur á öllum aldri.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Það sem var þó ekki síður mikilvægt var að margir nemendur sem áttu erfitt með einbeitingu og fundu sig ekki í námi blómstruðu í skákinni.**



Helgi Árnason, fyrrverandi skólastjóri Rimaskóla

bjornth@frettabladid.is


## Varmadælur & loftkæling




Kælitækni

- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir
- Virkar niður í -30°C

Verð frá aðeins
kr. 145.000 m.vsk
Midea KMB-E09
Max 3,4 kW
2,65 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,85)
f. íbúð ca 40m2.

Umhverfisvænn kælimiðill R32

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

+PLÚS



# Vatnsflaumur í Kringlunni




Síðdegis í gær fór brunavarnarkerfi Kringlunnar í gang þannig að vatn úðaðist yfir stórt svæði. Fjögurra sentimetra djúpt vatn þakti um hundrað fermetra svæði við Stjörnutorg og flæddi inn í verslanir á svæðinu. Gestir Kringlunnar voru þó sallarólegir.








# DÚNDUR-dagar

25. - 27. október

# 25%

afsláttur af
**öllum vörum**

VEFVERSLUN
WWW.RFL.IS
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

SKEIFUNNI - SMÁRATORGI - BÍLDSHÖFÐA - GRANDA - AKUREYRI - SELFOSSI



FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**1 Varð fyrir líkamsárás á leið í jarðarför föður sins** Árásarmaðurinn taldi hann hafa svínað fyrir sig í umferðinni.

**2 Þétt setið í réttarsalnum með Freyju** Mál Barnaverndarstofu gegn Freyju Haraldsdóttur fór fyrir Hæstarétt í gær.

**3 Bílstjórinn sem flutti 39 lík er 25 ára gamall tilvonandi faðir** Mo Robinson er nú í haldi grunaður um fjöldamorð.

**4 Aukin eftirsókn eftir fullorðinsbleyjum: „Hægt að koma í veg fyrir þetta“** Guðrún Magnúsdóttir sjúkraþjálfari segir að konur bíði stundum í 6 ár áður en þær horfist í augu við vandann.

**5 Ólympíuverðlaunahafi ákvað að enda sitt eigið líf** Glímdi við ólæknandi hrörnunarsjúkdóm og hafði skrifað undir skjöl um að dánaraðstoð væri leyfð.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á www.frettabladid.is

# Efast um að seðlabankastjóri hafi haft lagaheimild

**STJÓRNSÝSLA** Bankaráð Seðlabanka Íslands hefur óskað eftir skýringum bankans á samningi sem Már Guðmundsson, þáverandi seðlabankastjóri, gerði fyrir hönd bankans við Ingibjörgu Guðbjartsdóttur, þáverandi framkvæmdastjóra gjaldeyriseftirlits bankans.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá fyrr í vikunni greiddi bankinn á árunum 2016 og 2017 Ingibjörgu rúmar 18 milljónir króna í námsstyrki og aðrar greiðslur á meðan hún var í námi við Harvard-háskóla.

> **Eins og málið horfir við mér þá tel ég að þessi samningur sé mjög óeðlilegur.**
>
> Sigurður Kári Kristjánsson, lögmaður og fulltrúi í bankaráði Seðlabankans



Sigurður Kári Kristjánsson, lögmaður og bankaráðsmaður, sá samninginn fyrst á þriðjudaginn eftir að hann var afhentur Fréttablaðinu. „Ég get bara talað fyrir sjálfan mig, en eins og málið horfir við mér þá tel ég að þessi samningur sé mjög óeðlilegur. Hann er úr öllu hófi samkvæmt öllum hefðbundnum mælikvörðum,“ segir Sigurður Kári aðspurður um samninginn.

Már sagði í samtali við Vísi fyrr í vikunni að hann teldi samninginn eðlilegan og nokkrir slíkir samningar hefðu verið gerðir í tíð hans sem seðlabankastjóri.

Sigurður Kári efast um að lagaheimild hafi verið til staðar. „Ég hef miklar efasemdir um að seðlabankastjóri hafi á þessum tíma haft heimild samkvæmt lögum til að gera þennan samning.“ **– ab**

# Tal um veikingu eftirlits með samkeppni sé ósannfærandi

**Sérfræðingur í samkeppnisrétti segir að allt tal um að nýtt frumvarp muni veikja Samkeppniseftirlitið sé ósannfærandi. Fyrirhugaðar breytingar varðveiti markmið samkeppnislaga og feli ekki í sér neinn slaka. Lögin verði sambærileg lögum sem eru í gildi í þeim ríkjum sem við berum okkur saman við.**

**VIÐSKIPTI** „Allt tal um að verið sé að veikja Samkeppniseftirlitið finnst mér vera ósannfærandi. Ef frumvarpið nær fram að ganga verða samkeppnisreglur hér á landi mjög sambærilegar þeim sem gilda í nágrannaríkjum okkar og engin ástæða er til að ætla annað en að þær muni virka sem skyldi,“ segir Heimir Örn Herbertsson, sérfræðingur í samkeppnisrétti og lektor við Háskólann í Reykjavík.

Samkvæmt frumvarpi Þórdísar Kolbrúnar R. Gylfadóttur, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, um breytingar á samkeppnislögunum verður það á ábyrgð fyrirtækjanna sjálfra að meta hvort þau megi eiga í samstarfi. Núgildandi lög kveða hins vegar á um að eftirlitið veiti undanþágu vegna samstarfs. Heimir segir að núverandi fyrirkomulag hafi sýnt sig vera mjög óskilvirkt. Það hafi liðið fyrir langan afgreiðslutíma.

„Í mörgum tilvikum geta fyrirtæki ekki beðið svo misserum eða árum skiptir eftir ákvörðun frá SKE-til að geta hafið samstarf á vissum sviðum. Það eitt og sér eru sterk rök fyrir því að gera breytingar. Við höfum fyrirmyndir fyrir sjálfsmati fyrirtækja í löndum í kringum okkur, til að mynda í ESB, þar sem slíkt fyrirkomulag hefur verið við lýði frá 2003 og reynst vel,“ segir Heimir en ítrekar að breytingarnar feli ekki í sér neinn afslátt á framfylgni samkeppnisreglna.

„Fyrirtækjum verður ekki meira heimilt eftir þessa breytingu en áður að eiga með sér samráð eða neitt slíkt og eftirlitið mun áfram geta gripið inn í ef það telur fyrirtæki hafa farið fram úr sér við mótun samstarfs. Mér sýnist breytingarnar varðveita það markmið samkeppnislaganna sem er að nýting á framleiðsluþáttum samfélagsins sé með hagkvæmum hætti. Ef menn eru að segja að þetta feli í sér fráhvarf frá þeirri hugsun sem er undirliggjandi í lögunum, þá verð ég að vera ósammála því.“




Samkeppniseftirlitið hefur lagst gegn fyrirhuguðum breytingum á samkeppnislögum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Fyrirtækjum verður ekki meira heimilt en áður eftir þessa breytingu að eiga með sér samráð eða neitt slíkt.**
>
> Heimir Örn Herbertsson, sérfræðingur í samkeppnisrétti



Frumvarpið felur einnig í sér afnám heimildar Samkeppniseftirlitsins til að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar til dómstóla. Heimir segir að það skjóti skökku við að eftirlitið geti umfram önnur stjórnvöld áfrýjað úrskurði æðra setts stjórnvalds. Þá sé mjög óheppilegt að óvissa um niðurstöðu mála geti dregist svo árum skipti sökum þess að Samkeppniseftirlitið sé ósátt við úrskurð áfrýjunarnefndar.

„Ef Samkeppniseftirlitið telur hættu á því að æðra stjórnsýsluvald geri mistök sem eru þess eðlis að þau verði að leiðrétta með atbeina dómstóla þá á Samkeppniseftirlitið frekar að beina sjónum sínum að áfrýjunarnefndinni sjálfri. Til dæmis því hvernig hún er skipuð, og til hvaða úrræða og heimilda hún geti gripið til þess að taka ákvarðanir í málum. Eða jafnvel tilvist hennar yfirhöfuð,“ segir Heimir.

„Ég hef síður samúð með því sjónarmiði að atvik geti komið upp þar sem nefndin kemst að niðurstöðu sem Samkeppniseftirlitið er ósátt við og þá verði að vera hægt að taka málið áfram fyrir almenna dómstóla. Það gengur gegn meginviðhorfum um samspil æðri og lægri stjórnsýslustiga.“

thorsteinn@frettabladid.is

# Landsbankinn hagnaðist um 3,2 milljarða

**VIÐSKIPTI** Landsbankinn hagnaðist um 3,2 milljarða á þriðja fjórðungi ársins, en á sama tíma í fyrra var hagnaður bankans 3,8 milljarðar. Á fyrstu níu mánuðum ársins hagnaðist bankinn um 14,3 milljarða á móti 15,4 milljörðum á sama tíma í fyrra.

„Uppgjör Landsbankans fyrir fyrstu níu mánuði ársins endurspeglar stöðugan og góðan rekstur. Kostnaður heldur áfram að lækka en tekjur hafa á hinn bóginn aukist. Kostnaðarhlutfall á tímabilinu var um 41,4% sem er lægra en á sama tíma í fyrra,“ segir Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans.

„Landsbankinn hefur lækkað vexti undanfarið og á árinu hafa óverðtryggðir breytilegir íbúðalánavextir lækkað um 0,8 prósentustig, en óverðtryggð íbúðalán eru algengasta fjármögnunarleið einstaklinga.“ **– ab**

TRYGGÐU ÞÉR:
• Enga vexti
• Engin lántökugjöld
• Hraðari eignamyndun
• Lægri mánaðargreiðslur

0% NÚLL VEXTIR NOTAÐIR BÍLAR

ENN MEIRA ÚRVAL Á NÝJU BÍLAPLANI KRÓKHÁLSI 9 OG Á BENNI.IS


445898
SSANGYONG REXTON DLX
Skráður: 2017 / Dísel
Sjálfskiptur / 46.000 km.
VERÐ: 4.590.000 KR.


445934
OPEL CROSSLAND X
Skráður: 2018 / Bensín
Beinskiptur / 12.000 km.
VERÐ: 2.590.000 KR.


590362
NISSAN JUKE CENTA PLUS
Skráður: 2016 / Bensín
Sjálfskiptur / 29.000 km.
VERÐ: 2.990.000 KR.


445800
RENAULT CAPTUR
Skráður: 2015 / Dísel
Beinskiptur / 55.000 km.
VERÐ: 1.890.000 KR.


445933
NISSAN NOTE
Skráður: 2016 / Dísel
Sjálfskiptur / 82.000 km.
VERÐ: 1.190.000 KR.

Bílabúð Benna

Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2035

Opnunartímar:
Virka daga 9-18
Laugardaga 12-16

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Opnunartímar:
Virka daga 9-18

Benni.is

Núll prósent vextir, allt að 80% fjármögnun í allt að 24 mánuði af völdum notuðum bílum. Birt með fyrirvara um mynd og textabrengl.

# 20% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLU LEGO

## 24. - 27. OKTÓBER




LEGO Technic
kappakstursbíll

**5.991 kr**
verð áður 7.489




LEGO
Spiderman

**1.759 kr**
verð áður 2.199




LEGO City
Jeppi slökkviliðsstjórans

**3.199 kr**
verð áður 3.999




LEGO Friends
Neðansjávarróla

**4.799 kr**
verð áður 5.999




LEGO Duplo
Kafbátur

**3.199 kr**
verð áður 3.999




LEGO
Draugalest

**14.799 kr**
verð áður 18.499




LEGO Speed Champions
McLaren

**1.999 kr**
verð áður 2.499

Allt úrvalið er í Smáralind, Garðabæ, Kringlu og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum.

24 Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP *Meira svona alla daga*









Bjarni Benediktsson sagði í umræðum á Alþingi fyrr í mánuðinum að tilefni væri til að skoða framkvæmdina um kerfið. Rætt hefði verið um málið í ráðuneytinu en engar tillögur að lausn lægju fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Háar fjárhæðir árlega frá ríkinu vegna Orra

**Gríðarlegur kostnaður fer í viðhald og rekstur bókhaldskerfis ríkisins. Kerfið er í eigu Oracle og Advania. Fyrirtækin fá hundruð milljóna árlega frá ríkinu vegna kerfisins. Fjármála- og efnahagsráðherra telur rétt að skoða málið.**

**STJÓRNSÝSLA** Kostnaður ríkisins við ORRA, fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins, var tæpur tveir og hálfur milljarður á árunum 2009 til 2018. Þetta kemur fram í svari Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra við fyrirspurn Björns Levís Gunnarssonar, þingmanns Pírata.

Upprunalegur þróunarkostnaður við hugbúnaðinn var einn og hálfur milljarður sem féll til á árunum 2001 til 2005. Kerfið sem þróað var fyrir ríkið er í eigu fyrirtækisins Oracle og eftir atvikum Advania. Kostnaður ríkisins við kerfið er því ekki undir fjórum milljörðum á þeim tæpu tveim áratugum sem liðnir eru frá því þróun þess hófst upp úr aldamótum.

Í svari við fyrirspurn frá síðasta þingi kemur fram að á árinu 2018 var viðhaldskostnaður við kerfið 275 milljónir, en ný útgáfa þess var innleidd á árinu sem kostaði rúmar 163 milljónir. Rekstrarkostnaður vegna kerfisins kostaði tæpar 400 milljónir í fyrra.

„Þetta eru rosalegar fjárhæðir en fyrir árlegan viðhaldskostnað gæti ríkið rekið myndarlega hugbúnaðardeild sem héldi eignarhaldi á hugbúnaðinum í opinberri eigu,“ segir Björn Leví. Óábyrgt sé að ríkið eyði svona fjárhæðum í hugbúnað án þess að eiga leyfið á honum. Eignarhald ríkisins á hugbúnaði þurfi jafnvel ekki að koma í veg fyrir að hægt sé að bjóða þróunarvinnu út.

### Kostnaður ríkisins við bókhaldskerfið ORRA

| | | |
|---|---|---|
| Þróunarkostnaður | 2001–2005 | 1.501 milljón |
| Rekstrar- og viðhaldskostnaður á 10 árum | 2009–2018 | 2.474 milljónir |
| Viðhaldskostnaður í fyrra | 2018 | 275 milljónir |
| – þar af ný uppfærsla á ORRA | 2018 | 163,6 milljónir |
| Heildarrekstrarkostnaður í fyrra | 2018 | 396,5 milljónir |

**Þetta eru rosalegar fjárhæðir en fyrir árlegan viðhaldskostnað gæti ríkið rekið myndarlega hugbúnaðardeild.**



Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata

Hugbúnaðarkerfið og eignarhald þess var rætt í óundirbúnum fyrirspurnatíma á Alþingi fyrr í mánuðinum og sagði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra við það tækifæri að hætta væri á því að ríkið festist í viðskiptum við þá aðila sem taka að sér að þróa hugbúnað og séu eigendur hans. „Í því felst þá að það getur orðið óyfirstíganlegt að hætta þeim viðskiptum og leita eitthvert annað,“ sagði Bjarni.

Fyrirspyrjandinn í það skipti, Helgi Hrafn Gunnarsson, rifjaði upp að á síðasta kjörtímabili hefðu komið fram efasemdir hjá þingmönnum í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd um kosti þess að ríkið væri að fjármagna sérsmíðaðan hugbúnað sem endi síðan ekki í eignarhaldi ríkisins. „Því miður hefur mér í gegnum árin sýnst þetta vera ákveðin venja, að opinberar stofnanir þurfa sérlausnir, jafnvel sérsniðnar að sínum þörfum, ráða eitthvert hugbúnaðarfyrirtæki sem er eflaust fínt og frábært, eins og Advania, til að búa til þá lausn en svo á framleiðandinn enn þá vöruna og ríkið er fast í viðjum þess fyrirtækis það sem eftir er ef ekki á að byrja upp á nýtt,“ sagði Helgi Hrafn. Hann vísaði til álits stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar frá 2014 þess efnis að endurskoða þyfti eignarhaldið á kerfinu, með það fyrir augum að ríkið geti nýtt það fyrir allar stofnanir sínar án þess að þurfa að kaupa aðgang að því fyrir hverja og eina ríkisstofnun.

Bjarni sagði málið hafa verið rætt í fjármálaráðuneytinu og málið væri mikilvægt. Tillaga að lausn til framtíðar hefði hins vegar ekki verið mótuð.

adalheidur@frettabladid.is

# MAX-vélarnar kyrrsettar út febrúar

**SAMGÖNGUR** Icelandair gerir ekki ráð fyrir að Boeing 737 MAX-flugvélar verði komnar aftur í rekstur fyrr en í fyrsta lagi í lok febrúar 2020. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu Icelandair. Ákvörðunin mun ekki koma til með að hafa mikil áhrif á flugáætlun vetrarins að sögn Icelandair en þegar var búið að gera fjölda af áherslubreytingum á flugleiðum félagsins.

„Eins og við höfum áður sagt, teljum við ólíklegt að MAX-vélarnar verði komnar aftur í rekstur fyrir lok þessa árs. Við viljum hins vegar lágmarka áhrif á farþega okkar og framlengja þetta tímabil með góðum fyrirvara, enda gott svigrúm hjá okkur á þessum árstíma að nýta aðrar vélar í flotanum hjá okkur,“ segir Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group.



**Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group.**

Icelandair hyggst halda áfram að fylgjast með þróun mála varðandi aflléttingu kyrrsetningar MAX-vélanna. Yfirgripsmikið og vandað ferli fer nú fram sem stýrt er af alþjóða flugmálayfirvöldum með það að markmiði að tryggja öryggi vélanna og koma þeim aftur í rekstur.

Síðastliðinn september gerði Icelandair Group bráðabirgðasamkomulag við Boeing um bætur fyrir hluta þess tjóns sem félagið hefur orðið fyrir vegna kyrrsetningar MAX-vélanna. Áframhaldandi viðræður við Boeing um að fá heildartjón vegna kyrrsetningarinnar bætt standa enn yfir. – kdi

Quiznos

24. OKT.–3. NÓV.

# KOMBÓTILBOÐ

LÍTILL

# PIRI PIRI

## KJÚKLINGUR

+ 0,5 L PEPSI EÐA PEPSI MAX OG TOFFEE CRISP




1.090 kr.

quiznos.is

olís

**HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ:**
NORÐLINGAHOLTI · GULLINBRÚ · ÁLFHEIMUM · SÆBRAUT
MJÓDD · GARÐABÆ · MOSFELLSBÆ

**LANDSBYGGÐIN:**
BORGARNESI · AKRANESI · AKUREYRI · REYÐARFIRÐI
KEFLAVÍK · SELFOSSI · HELLU · VARMAHLÍÐ

Quiznos

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

# Í rétta átt



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Viðbrögðin við frumvarpi um tímabærar breytingar á samkeppnislögunum hafa verið fyrirsjáanleg. Á Íslandi er það orðin rík tilhneiging sumra að bregðast sjálfkrafa hart gegn öllum tillögum sem miða að því að bæta samkeppnishæfni atvinnulífsins – skiptir þá engu þótt aðeins sé verið að færa regluverkið nær því sem þekkist í öðrum Evrópuríkjum – og skeyta lítt um að of íþyngjandi reglubyrði getur valdið þjóðfélaginu í heild miklum kostnaði. Eftir að atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra kynnti frumvarp sitt í vikunni, sem er liður í stuðningi stjórnvalda við undirritun kjarasamninga á almennum vinnumarkaði á árinu, höfum við orðið vitni að þessu.

Um hvað snýst frumvarpið? Stærstu breytingarnar, sem hafa jafnframt verið gagnrýndar hvað harðast, eru þær að heimild Samkeppniseftirlitsins til að skjóta úrskurðum áfrýjunarnefndar samkeppnismála til dómstóla er afnumin og þá verður það á ábyrgð fyrirtækjanna sjálfra að meta hvort lögbundin skilyrði eru fyrir samstarfi í stað þess að þurfa að bíða, stundum svo misserum skiptir, eftir undanþágu frá stofnuninni. Markmiðið er að auka skilvirkni og hagræði fyrir atvinnulífið en um leið að hraða og bæta meðferð samkeppnismála sem er til þess fallið að minnka álagið á Samkeppniseftirlitið sem stofnunin hefur sjálf kvartað mjög yfir. Þá er felld út heimild eftirlitsins til að grípa til aðgerða, eins og að brjóta upp fyrirtæki, án þess að þau hafi gerst brotleg við samkeppnislög og veltumörk vegna tilkynningarskyldra samruna, sem hafa haldist óbreytt frá 2008, eru hækkuð nokkuð frá því sem nú er. Það er mjög til bóta en 40 prósent af tíma stofnunarinnar í fyrra var varið í samruna.

Sumir álitsgjafar hafa lagt sig fram um að misskilja hvað felst í tilteknum breytingum í þeim tilgangi, að því er virðist, að afvegaleiða umræðuna. Það sætir undrum þegar því er haldið fram, af hálfu fyrrverandi stjórnarformanns Samkeppniseftirlitsins, að verið sé í reynd að leyfa fyrirtækjum að brjóta lög og eiga með sér samráð og grafa þannig undan samkeppni. Svo er vitaskuld ekki. Breytingarnar lúta aðeins að því að fyrirtæki geti haft með sér afmarkað samstarf, meðal annars fjármála- eða fjarskiptafyrirtæki um sameiginlega innviði, án þess að þurfa að bíða eftir samþykki um undanþágu, sem stundum hefur tekið vel á annað ár, og þannig mögulega verða af þeim ávinningi sem af slíku samstarfi kann að leiða – fyrir fyrirtækin og eins neytendur. Í meginatriðum miða breytingarnar að því að færa regluverkið nær því sem þekkist hjá okkar nágrannaþjóðum og því fráleitt þegar sagt er að verið sé með einhverjum hætti að „draga vígtennurnar“ úr Samkeppniseftirlitinu.

Staðan sem birtist okkur með reglubundnum hætti er þessi. Það er skoðun ákveðins hóps í samfélaginu að Ísland skuli, byggt á hugmyndafræði um að meira eftirlit sé ávallt betra en minna, frekar en nokkurn tíma einhverjum haldbærum rökum, vera eftirbátur okkar helstu samkeppnisríkja á flestum þeim sviðum sem máli skipta þegar kemur að því að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja og þá um leið styrkja samkeppnisstöðu landsins. Allt tal um að nú standi til að veikja Samkeppniseftirlitið stenst enga skoðun. Frumvarp ráðherra, sem er í senn hófstillt og skynsamlegt, er skref í rétta átt og ætti að bæta samkeppnishæfni atvinnulífsins og um leið tryggja hagsmuni neytenda. Því ber að fagna – og styðja.

> **Sumir álitsgjafar hafa lagt sig fram um að misskilja hvað felst í tilteknum breytingum í þeim tilgangi, að því er virðist, að afvegaleiða umræðuna.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Skoðanabróðir með gátlista**
**Hin dýrlega Vigdís Hauksdóttir fann samanbrotinn gátlista fyrir leikskóla um kynjajafnrétti á gólfinu sem sannar að innræta á börnum frá unga aldri femínisma, góðmennsku og aðra vinstrimennsku. Á að athuga hvort leiksvæði séu kynhlutlaus og hvort öskudagsbúningar séu nokkuð prinsessukjólar eða ofurhetjubúningar. Líkt og með svo margt annað segir Vigdís þetta galið. Það sem er forvitnilegast er að sá sem hafði fyllt út gátlistann er greinilega skoðanabróðir Vigdísar, en það var bara búið að merkja við að börnum sé heilsað eins óháð kyni.**

**Því miður**
**Íslenska þjóðin skiptist í tvo hópa þegar kom að útspili ríkisbanka um að auglýsa ekki hjá fjölmiðlum sem eru með áberandi kynjahalla. Sumir frussuðu af bræði og líktu þessu við persneskrar klerkastjórnir. Aðrir bentu á að það er enn talsverður kynjahalli á viðmælendum og sjálfsagt að gera eitthvað í því. Vandinn er hins vegar sá að þrýstingur af þessu tagi virkar ekki á fjölmiðla. Það er eldveggur milli ritstjórna og auglýsingadeilda. Eldveggur sem er einmitt til staðar til að koma í veg fyrir að peningar hafi áhrif á fréttir. Það þarf því miður að finna einhverja aðra leið en í gegnum auglýsingar, eins göfugt og markmiðið er.**
**arib@frettabladid.is**

# Háskólinn og heimsmarkmiðin



Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands

> **Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru í stuttu máli ótrúlega metnaðarfull og framsækin framkvæmdaáætlun í þágu jarðarinnar okkar og alls mannkyns.**

Háskóli Íslands hóf nýlega fundaröð sem ber heitið Háskólinn og heimsmarkmiðin. Eitt heimsmarkmið verður tekið fyrir á hverjum fundi þar sem framúrskarandi fræðimönnum skólans verður teflt fram til að kryfja og ræða heimsmarkmiðin frá sem flestum hliðum.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru í stuttu máli ótrúlega metnaðarfull og framsækin framkvæmdaáætlun í þágu jarðarinnar okkar og alls mannkyns. Með henni er leitast við að útrýma fátækt og stuðla að friði, frelsi og sjálfbærni.

Við höfum þegar hafið kortlagningu á rannsóknarstarfi við skólann sem tengist heimsmarkmiðunum eins og sjá má á hi.is/heimsmarkmidin, en þar verður hægt að finna efni tengt fundarröðinni á næstunni. Meðal annars yfirlit yfir rannsóknir okkar á áhrifum loftslagsbreytinga, lífríki hafsins, fjölmenningu, menntamálum, jafnrétti, heilsu, velferð, réttlæti, jöfnuði, siðfræði, sjálfbærni, nýsköpun, skipulagi innviða, neyslu, orku, næringu, atvinnulífi og hagvexti, svo fátt eitt sé talið.

Til skoðunar er einnig að Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna verði leiðarljós í næstu stefnumótun Háskóla Íslands fyrir árin 2021-2026 þannig að markmiðin og hugmyndafræði þeirra um efnahagslega, félagslega og umhverfislega sjálfbæra þróun verði viðfangsefni meginþátta í starfi háskólans.

Ástæða þess að ég tel þetta mikilvægt er sú að forsenda þess að Ísland geti lagt sitt lóð á vogarskálarnar við að ná heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun er öflug þátttaka háskólasamfélagsins. Háskóli Íslands vill að þekkingarsköpun og rannsóknir við skólann hafi víðtæk áhrif og séu nýttar til að takast á við þær flóknu áskoranir sem Ísland og heimurinn standa nú frammi fyrir.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Miklabraut í stokk! Hvers vegna? Er þetta hægt?

Í DAG



Hilmar Þór Björnsson

**Til þess að átta sig á umfangi þessara framkvæmda má minna á að göngin verða samkvæmt fýsileikakönnuninni 1.750 metra löng frá svæðinu austan Kringlu og að Landspítalanum.**

Nú eru liðin tæp tvö ár síðan „fýsileikakönnun“ um Miklubraut í stokk var kynnt. Niðurstaðan var í stuttu máli sú að talið var skynsamlegt að gera þetta. Ég áleit á þessum tíma að þetta væri svona hefðbundið kosningamál sem auðvelt væri að selja, en sveitarstjórnarkosningar stóðu þá fyrir dyrum. Þegar könnunin var kynnt sást strax að megináhersla var lögð á endanlega útkomu og hvað þetta yrði allt mun betra og skemmtilegra en núverandi ástand. Og það er vissulega rétt að allt umhverfið yrði mun manneskjulegra og skemmtilegra ef bílunum yrði sökkt niður í jörðina og maður þyrfti hvorki að sjá þá né heyra.

Fæstir bjuggust við að málið yrði tekið upp aftur eftir kosningar. En nú er þetta komið upp á borð og er inni í svokölluðum samgöngusáttmála ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Á sínum tíma þegar þetta var kynnt veltu menn fyrir sér hvernig umferðinni yrði háttað á framkvæmdatímanum sem líklega verður 5-10 ár. Það þyrfti að finna annan farveg fyrir þá tæplega 100 þúsund bíla á sólarhring sem fara um gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Bústaðavegur og Snorrabraut yrðu einnig í uppnámi meðan byggður er stokkur við gatnamót þeirra samkvæmt fýsileikakönnuninni. Framkvæmdin mun rýra verulega aðgengi að Landspítalanum, háskólasvæðinu og í reynd Vesturbænum, Seltjarnarnesi og miðborginni meðan á þessu stendur. Sama má segja um verslunarsvæði Kringlunnar sem um fimm milljónir manna sækja árlega. Manni virðist sem nánast öll umferð í Reykjavík verði undir meðan á framkvæmdum stendur. Ekki var tekið á þessum umferðarmálum á framkvæmdatíma í fýsileikakönnuninni sem lögð var fram í febrúar 2018. En vonandi hefur það verið gert síðan og lausnir fundnar á þessu. Það væri gaman að sjá þær.



Til þess að átta sig á umfangi þessara framkvæmda má minna á að göngin verða samkvæmt fýsileikakönnuninni 1.750 metra löng frá svæðinu austan Kringlu og að Landspítalanum. Athafnasvæðið er alls um 23 hektarar sem er meira en allt Skuggahverfið norðan Hverfisgötu milli Snorrabrautar og Kalkofnsvegar. Grafa þarf um 10 metra niður þar sem stokkurinn kemur og allnokkuð umhverfis hann auk graftrar vegna húsanna sem þarna á að byggja. Líklegt er að þarna sé hátt á aðra milljón rúmmetra af jarðvegi sem moka þarf upp og aka burt.

Svo á að byggja öll húsin. Samkvæmt fýsileikakönnuninni er áætlað að byggðir verði 206 þúsund fermetrar af nýbyggingum meðfram stokknum. Þar af eru 140 þúsund fermetrar ætlaðir íbúðabyggingum og 66 þúsund fyrir verslun og þjónustu. Það er vert að minna á að á sjálfum Kringlureitnum er fyrirhugað að byggja um 160 þúsund fermetra nýs húsnæðis þar sem verða um 1.000 íbúðir. Þegar á heildina er litið er um að ræða tæplega 370 þúsund fermetra af nýbyggingum á svæðinu með um 2.400 íbúðum. Það er mjög mikið. Eitt og hálft Seltjarnarnes af nýbyggingum.

En hvernig eru þessi umferðarvandræði til komin? Hvað var það í borgarskipulaginu sem olli öllum þessum vandræðum sem nú á að leysa með þessum stokk? Ég veit það ekki en tel víst að orsök þessara vandræða sé að leita í sjálfu borgarskipulaginu.

Það er fullt tilefni til þess að rannsaka það. Ég þekki enga 126 þúsund manna borg í víðri veröld sem hefur valið að byggja tæplega tveggja kílómetra jarðgöng til þess að greiða fyrir einkabílaumferð innanbæjar. Getur verið að ákvarðanir um að safna saman öllum stærstu vinnustöðunum á nánast einn stað í miðborginni sé hluti vandans? Hefur ekki verið fyrirsjáanlegt um langan tíma, að ef við stefnum öllum stærstu vinnustöðunum á einn stað þá fari umferðarmálin í hnút? Er þessi stokkahugmynd kannski talandi dæmi um hvað skipulag Reykjavíkur er vanreifað og ófaglegt?

Ef Landspítali – Háskólasjúkrahús, sem stefnir í að verða 7-8.000 manna vinnustaður með 20-30.000 ferðum til og frá daglega, Háskólinn í Reykjavík með 3.700 nemendum og nokkur hundruð starfsmönnum, og fleiri stórir vinnustaðir hefðu verið byggðir austar í borginni, t.d. við Elliðaárósa eða við Keldur, væri e.t.v. hægt að fresta þessari framkvæmd eða hætta við? Er hugsanlegt að sjálfbærir borgarhlutar með allar daglegar nauðsynjar í göngufæri frá heimilinum mundu draga úr einkabílaumferð svo um munaði? Og svo er líklegt að ef skilvirkar almenningssamgöngur hefðu verið skipulagsforsenda undanfarna áratugi væru þessi mál líklega í ágætu lagi og enginn stokkur á teikniborðinu.

Og svo er það spurningin: Vill einhver aka tæplega tveggja kílómetra löng, myrk og menguð göng, þegar aðrar leiðir, fallegri og skemmtilegri, eru í boði?





ENNEMM / SÍA / NM95114

**Sýndu skynsemi. Veldu nýjan i20.**

Nýr i20 er fáanlegur með sjálfvirkri neyðarhemlun, akreinavara og sjálfvirkri hækkun og lækkun aðalljósa. Innréttingin hefur fengið nýtt og vandaðra yfirbragð, nýr 7" snertiskjár nýtir sér fullkomnustu margmiðlunartækni á borð við Apple CarPlay™ og Android Auto™.

Verið velkomin að reynsluaka nýjum og glæsilegum Hyundai i20.

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

# Refsilaust tuð fær tvær mínútur

**Þjálfarar í handbolta leyfa sér að segja ótrúlegustu hluti um dómara leiksins. Steininn tók úr þegar annar þjálfari ÍBV hraunaði yfir dómara en slapp við leikbann. Kurr innan handboltahreyfingarinnar í kjölfar dóms aganefndar HSÍ sem er sjálfstæð nefnd.**

**HANDBOLTI** Þeir handboltadómarar sem Fréttablaðið náði í skottið á í gær eru vægast sagt furðu lostnir yfir dómi aganefndar HSÍ um Kristin Guðmundsson og Kristján Kristjánsson. Báðir komust hjá refsingu frá aganefndinni þrátt fyrir ummæli sín um dómara í leik ÍBV og Aftureldingar.

„Ég er ekkert spenntur að fara til Vestmannaeyja og dæma eftir þetta,“ sagði einn og annar bætti við: „Dómarar eru ósáttir og það er, held ég, enginn sem bíður spenntur eftir að fara til Vestmannaeyja og dæma leik ÍBV og Fjölnis. Hvort menn segja einfaldlega nei við að fara og dæma í Vestmannaeyjum verður að koma í ljós.“

Dómarar í Olís-deild karla hafa ekkert hist formlega en eðlilega talað saman. Og það virðist vera þungt í þeim hljóðið, svo vægt sé til orða tekið. Ekki er mælst til að þeir séu að tjá sig um dóminn en svo virðist sem dómurinn hafi kveikt bál sem erfitt verði að slökkva.

Þess má geta að aganefnd HSÍ er sjálfstætt starfandi og tengist HSÍ engum böndum – líkt og þekkist í fótboltanum.

Dómaranefnd HSÍ sendi frá sér yfirlýsingu í kjölfar dómsins þar sem niðurstaðan er hörmuð og hún fordæmd. Segja málið grafalvarlegt þar sem vegið hafi verið að hlutleysi og æru dómaranna. Þá sé starfsumhverfi dómara eitt stórt spurningarmerki eftir úrskurðinn og lýsti dómaranefndin áhyggjum af framtíð dómara í handbolta.

**Tuðmenning á hliðarlínunni**

Merkileg tuðmenning er í handboltanum á Íslandi þegar kemur að tuði við dómara leiksins. Þjálfarar og aðrir starfsmenn tuða við dómara út í eitt nánast allan leikinn og kenna dómurum um hvert atriði sem liðin klúðra sjálf. Starfsfriður er enginn og þjálfarar haga sér eins og verstu börn á meðan leikur stendur og eftir leik.

Í BS-ritgerð í íþróttafræði í Háskóla Íslands, sem heitir Samskipti handknattleiksdómara, segir: „Stór hluti þjálfara sagðist hafa reynt að hafa áhrif á ákvarðanir dómara. Þjálfarar bera ekki næga virðingu fyrir dómurum og helmingur dómara telur að aðeins sumir þjálfarar beri virðingu fyrir sér.“

Henry Birgir Gunnarsson, umsjónarmaður Seinni Bylgjunnar, segir að það sé svo merkilegt að hann hafi skrifað pistil um þessa tuðmenningu í handboltanum fyrir um 10 árum sem eigi enn jafn mikinn rétt á sér í dag. „Þá var tuðið reyndar aðeins verra en það er enn þá nokkuð í land í þessum efnum. Sé horft yfir hafið, til Bandaríkjanna og í NFL-deildina, þá sést aldrei dómaratuð. Nánast aldrei. Þar er borin virðing fyrir dómurum eins og á að vera.

Í Seinni bylgjunni hefur verið kallað eftir því að dómarar fái vinnufrið því heilt yfir hafa þeir staðið sig vel. Ef þessi menning breytist ekki þá hljóta menn að skoða að taka upp harðari refsingar í leit að starfsfriði fyrir dómarana.“

Það þarf ekki að leita sérstaklega lengi til að finna viðtöl við þjálfara þar sem þeir leggja dómurunum línurnar og segja þeim til syndanna.

benediktboas@frettabladid.is



Dómararanefnd HSÍ sendi frá sér yfirlýsingu vegna dómsins þar sem niðurstaðan er hörmuð. NORDICPHOTOS/GETTY

## Ömurleg ummæli í garð dómara á Íslandi

” Það þarf ekkert að skoða það neitt rosalega mikið að þessi dómur sem kemur Selfyssingum í hraðaupphlaup sem þeir fá víti úr er algjör þvæla.
**Kristinn Guðmundsson**

” Mér fannst dómararnir missa hausinn.
**Sveinn Aron Sveinsson**

” Þeir ná upp baráttu og berja okkur í tætlur. Þeir gerðu það vel. Þeir komust upp með það, því dómararnir leyfðu þeim að berja okkur.
**Heimir Óli Heimisson**

” Ég skil ekki hvernig „standardinn“ getur verið svona slakur í efstu deild.
**Halldór Jóhann Sigfússon**

” Á upptökunni sést einnig þegar þjálfari Stjörnunnar hendir vatnsflösku dómaranna yfir ritaraborðið.
**Yfirlýsing KA**

” Mér fannst þetta á köflum vera sirkus og þetta dómarapar á ekki heima í þessari deild.
**Kári Garðarsson**






# Síðustu tækifærin til að komast í EM-hópinn

**HANDBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í handbolta mætir því sænska undir stjórn Kristjáns Andréssonar í fyrri æfingaleik liðanna af tveimur í dag. Strákarnir okkar héldu til Svíþjóðar í gær og mæta heimamönnum í Kristianstad klukkan 17.00 að íslenskum tíma í kvöld en á sunnudaginn fer leikurinn fram í Karlskrona. Þetta eru síðustu æfingaleikir liðsins áður en Guðmundur Þ. Guðmundsson þarf að tilkynna æfingahóp fyrir EM 2020 í janúar næstkomandi og því tækifæri fyrir leikmenn sem eru á jaðri leikmannahópsins að tryggja sér farseðil til Svíþjóðar í janúar þar sem riðill Íslands fer fram.

Þetta verður í fjórða sinn sem íslenska liðið mætir Svíþjóð undir stjórn Kristjáns og hafa Strákarnir okkar átt góðu gengi að fagna til þessa. Þremur leikjum hefur lokið með sigri Íslands, þar á meðal tveggja marka sigur á EM 2018. Í þremur æfingaleikjum hefur Ísland unnið tvo og Svíþjóð einn til þessa en Svíar fá tækifæri til að rétta þá tölfræði af um helgina.

Ljóst er að verkefni íslenska liðsins verður erfitt gegn silfurliðinu frá Evrópumótinu 2018. Þegar hafa Arnór Þór Gunnarsson, Arnar Freyr Arnarsson og Daníel Þór Ingason þurft að draga sig út úr hópnum. Þá gátu Guðjón Valur Sigurðsson, Stefán Rafn Sigurmannsson, Ólafur Gústafsson og Ómar Ingi Magnússon ekki gefið kost á sér í þetta verkefni vegna smávægilegra meiðsla.

Fyrir vikið eru margir í hópnum sem hafa verið að banka á dyrnar hjá landsliðinu undanfarin ár og einn nýliði, Seltirningurinn Viggó Kristjánsson, sem leikur með Leipzig. Viggó kvaðst spenntur fyrir komandi verkefni þegar Fréttablaðið spjallaði við hann á dögunum.

„Ég hef alveg verið að gæla við það síðustu ár að fá tækifæri með landsliðinu en þar sem ég hef ekkert verið í síðustu hópum liðsins þá var ég ekkert mikið að pæla í því í síðustu verkefnum þess. Það er stefnan að festa mig í sessi í hópnum í framtíðinni og til þess þarf ég að halda áfram að standa mig vel með Leipzig og í æfingunum og leikjunum með landsliðinu,“ sagði Viggó, aðspurður út í landsliðið. **– kpt**

**» Aron Pálmarsson er leikjahæsti leikmaður íslenska hópsins með 139 leiki. Hann er einn þriggja leikmanna íslenska hópsins með yfir hundrað leiki ásamt Kára Kristjáni og Ólafi Guðmundssyni.**


VERTU VIÐBÚIN/N VETRINUM
MEÐ THE NORTH FACE
Frábært úrval af hágæða úlpum
The North Face
Arctic Parka II
fyrir konur (einnig til í svörtu)
Verð
69.990 kr.
Gerviskinn sem hægt er að renna af
Hægt að renna hettu af
Vatnsheldir saumar
Vottaður dúnn Responsible Down Standard RDS
DryVent öndunar- og vatnsvarnarfilma
550 Dúnfylling
Verð
47.990 kr.
The North Face
Nevero Down
fyrir karla og konur
(einnig til í svörtu)
Verð
47.990 kr.
The North Face
Nevero Down
fyrir konur
Verð
39.990 kr.
The North Face
Saikuru
fyrir karla og konur
(til í fleiri litum)
Verð
32.990 kr.
The North Face
Thermoball
fyrir karla og konur
(til í fleiri litum)
Verð
39.990 kr.
The North Face
Nevero Down Vest
fyrir karla og konur
(til í fleiri litum)
Verð
69.990 kr.
The North Face
Mcmurdo
fyrir karla
(einnig til í svörtu)
THE NORTH FACE
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is

OKKAR BESTA VERÐ

35% afsláttur



HAGKAUP MERKIÐ TRYGGIR GÆÐIN

**Marinerað og kryddað með ferskum kryddjurtum:**
*Sítrónuberki, hvítlauk, kóriander, salvíu, majoran, steinselju, oregano og rósmarín*

**Veislulæri Hagkaups**

**1.884** kr/kg

Verð áður 2.899 kr/kg

Tilboð gilda út 27. október

FERSKT MEÐ FLUGI




**Franskur camembert**

Verð frá **799** kr/pk




**Monte nevado mangalica og iberico hráskinka**

Verð frá **1.099** kr/pk

FERSKT MEÐ FLUGI



**Ítalskur Mozzarella di bufala**

**649** kr/stk




**Himneskt maískökur 2 tegundir**

**169** kr/pk




**Nocco Sveinki**
**BCAA + koffín er skothellt kombó**

**319** kr/stk




**La Boulangére**
**Franskt brioche brauð í úrvali**

Verð frá **199** kr/pk

24
**Opið allan sólarhringinn**
**Garðabæ og Skeifunni**

# Meira ferskt

**30% afsláttur**

**Lax með Mango Chutney og pistasíuhnetum f. fjóra**

800 gr af laxi
1 krukka Geetas mango chutney
Pistasíukjarnar
Salt og pipar
Inn í 200 gráður heitan ofn og baka í ca 15 min.
Bera fram með fersku salati, hrísgrjónum og naan brauði.

*Mælum með fersku Stonefire naan brauði*






**Stonefire Naan brauð**

**319** kr/pk




**Laxarflök**

**2.099** kr/kg

Verð áður 2.998 kr/kg




**Geeta´s Premium mango chutney**

**379** kr/stk



**Frosin lambahryggur**

**2.699** kr/kg




**Kjúklingabringur í Tikka-masala með fersku grænmeti og basmati hrísgrjónum**

**1.998** kr/pk




**30% afsláttur**

**Veislumarinerað lambaprime**

**3.849** kr/kg

Verð áður 5.499 kr/kg

**HAGKAUP** *Meira* svona *alla daga*



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Kristján Jóhann Ásgeirsson**
Miðvangi 31, Hafnarfirði,

lést 19. október á Sólvangi. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði, mánudaginn 28. október klukkan 13. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Alzheimersamtökin.

**Anna Guðbjörg Erlendsdóttir**
**Anna Karen Kristjánsdóttir** **Björn H. Arnar**
**Kristína V. Kristjánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ísak J. Guðmann**
Holtateigi 16, Akureyri,

verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 29. október kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Líknarsjóð Oddfellowa eða önnur líknarfélög.

**Auður Þórhallsdóttir**
**Guðlaug Halla Ísaksdóttir** **Gunnlaugur Frímannsson**
**Kári Í. Guðmann** **Hrafnhildur Stefánsdóttir**
**Jón Í. Guðmann** **Arna Þöll Arnfinnsdóttir**
**Anna María Guðmann** **Adam Traustason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, dóttur, móður, tengdamóður, ömmu og systur okkar,

**Ölmu Jónsdóttur**
ritara,
Arnarsmára 24, Kópavogi.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Landspítalans.

**Jón Friðhólm Friðriksson**
**Rósa Jónsdóttir**
**Jónas Guðbjörn Jónsson** **Helga Sigrún Þórsdóttir**
**Eiríkur Jónsson** **Kristjana Árnadóttir**
**Jón Grétar Jónasson** **María Sigrún Jónasdóttir**
**Eva Natalie Eiríksdóttir** **Nadia Liv Eiríksdóttir**
**systkini og fjölskyldur.**



✝

Við sendum innilegar þakkir öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýju og vináttu við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Guðna Sveins Jóhannssonar**
Sunnubraut 6,
Þorlákshöfn.

**Geirlaug Sveinsdóttir**
**Jóhann Sveinsson** **Hafdís Björk Guðmundsdóttir**
**Ólafur Helgi Ólafsson**
**Bjarni Ágúst Sveinsson** **Þóra Birna Gísladóttir**
**barnabörn og langafabörn.**



Hér er Skúli með konunni sinni Þórhildi Örvarsdóttur fyrir utan Hlöðuna, ásamt tíkinni Loppu. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN NÍELSSON

# Á tvo bóndabæi hvorn í sínum landshlutanum

**Skúli Gautason, menningarfulltrúi Vestfjarða, er sextugur í dag og er kominn í Eyjafjörðinn til að fagna því með fjölskyldunni og nánustu vinum í eigin menningarhúsi. Hann vílar ekki fyrir sér að keyra á milli enda vanur flandri úr vinnunni.**

Jú, það er að bresta á, ég get ekki spornað við því,“ segir Skúli Gautason þegar hann er spurður hvort það sé ekki rétt sem í afmælisregistri Fréttablaðsins stendur að hann sé að fylla sjötta tug ára. Í því registri er hann reyndar titlaður leikari, snigill og tónlistarmaður en nú starfar hann sem menningarfulltrúi Vestfjarða og hefur gert í þrjú ár. Hann er skráður til heimilis á Víðidalsá við Hólmavík en er á Akureyri þegar samtal okkar fer fram.

„Fjölskylda mín er hér fyrir norðan og ég þvælist svolítið á milli, á hús á báðum stöðum en bý fyrir vestan og er mikið á flandri um Vestfirði. Víðidalsá er gamall bóndabær innst í Víðidal sem við hjónin keyptum fyrir mörgum árum og ég hef verið að dunda við að gera upp síðan.“

Ekki kveðst hann þó eiga rætur í Strandasýslunni. „Ég bara var þar dálítið við að leikstýra hjá leikfélagi Hólmavíkur sem er öflugt leikfélag og varð ástfanginn bæði af mannlífinu og náttúrunni svo við keyptum þar hús til að hafa sem sumarhús og þar bý ég nú.

Inntur eftir því í hverju starf hans felist svarar Skúli: „Ég sé um Uppbyggingarsjóð Vestfjarða, úthlutunarnefnd sér um að veita styrkina, ég er bara starfsmaður sjóðsins. Það eru um 50-60 milljónir á ári sem deilt er út. Svo reyni ég að hvetja fólk til dáða og aðstoða það við að efla menninguna á Vestfjörðum, eins og þeir leggja sig.“

> **Fyrst var ég eitthvað að brölta þarna á jeppa en þá var einn ágætur sveitarstjóri sem beinlínis skammaði mig og spurði hvað ég væri að þvælast um í alls konar veðrum og ófærð.**

Það gefur augaleið að starfinu fylgja mikil ferðalög. „Já, þetta er mikill akstur. Þegar ég tók við starfinu fór ég fljótlega á bílasölu og sagði að nú vantaði mig bíl og það eina sem skipti máli væri að hann færi vel með mig, því ég ætlaði nánast að búa í honum. Svo ég fékk mér stóran Citroën sem er algert töfrateppi. Fyrst var ég eitthvað að brölta þarna á jeppa en þá var einn ágætur sveitarstjóri sem beinlínis skammaði mig og spurði hvað ég væri að þvælast um í alls konar veðrum og ófærð. „Annaðhvort kemstu með góðu eða þú ert bara heima hjá þér, þú átt ekkert að vera að brjótast áfram uppi á heiðum þegar tvísýnt er um færð,“ sagði hann.

Nú segir hann nýjustu fregnir herma að minnka eigi moksturinn á svæðinu og hætta að skafa klukkan sjö á kvöldin. Það líst honum illa á.

En að afmælinu sem er aðaltilefni viðtalsins. Hvernig eru plönin fyrir daginn?

„Ég ætla að halda smá veislu fyrir fjölskyldu og nánustu vini hér heima í Litla-Garði sem er gamall bóndabær skammt frá Akureyrarflugvelli. Fjölskyldan mín er þar. Hér er hlaða sem ég breytti í hálfgert menningarhús. Ég tel hana vera gott tónleikahús og margir sem hafa komið þar fram styðja þá kenningu. Hún verður örugglega staðfest í kvöld, ég reikna með að lagið verði tekið í Litla-Garði!“

**gun@frettabladid.is**



✝

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Önnu Guðrúnar Bjarnardóttur**
(Diddu í Holti)

Sérstakar þakkir til starfsfólks lyflækningadeildar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands fyrir góða umönnun og hlýju.

**Jóhanna Sigríður Harðardóttir** **Már Ólafsson**
**Sigurður Jónsson**
**Björn Harðarson**
**Anna Harðardóttir** **Sigurður Kristinsson**
**Sigurður Harðarson** **Manon Laméris**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jónas Ásmundsson**
fv. aðalbókari Háskóla Íslands,

lést í faðmi fjölskyldunnar á dvalarheimilinu Grund aðfaranótt 19. október. Jarðsungið verður frá Digraneskirkju fimmtudaginn 31. október klukkan 13.

**Guðrún Jóna Jónasdóttir** **Ingi Halldór Árnason**
**Ásmundur Jónasson** **Guðrún Vignisdóttir**
**Gylfi Jónasson** **Ásdís Kristmundsdóttir**
**Helgi Þór Jónasson** **Kristín Pétursdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir amma og langamma,

**Anna Guðmundsdóttir**
til heimilis að Blásölum 24, Kópavogi,

lést á deild 7a á Borgarspítalanum 14. október. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks deildar 7a fyrir alúð, hlýhug og góða umönnun í veikindum hennar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Matthías Daði Sigurðsson**
**Guðmundur Jón Friðriksson**
**Jóhann Magnús Friðriksson**
**Finnur Daði Matthíasson**

Fólk
Lífsstíll
FÖSTUDAGUR 25. OKTÓBER 2019



# Sorgin sýndi mér hvað ég elska heitt

Eyjapæjan Svava Kristín Grétarsdóttir er nýr gestur í stofum landsmanna. Hún segir mótlæti í lífsins ólgusjó vera mun meiri skóla en fegurðarsamkeppnir. →2

Svava Kristín setti sér ung markmið um að verða íþróttafréttamaður og segir mikinn sigur fyrir sig að hafa loks komist á skjáinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR







LÍNAN
BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS OPIÐ MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is





Svava Kristín segist hálfgerður strákur í sér eftir að vinkonur hennar lokuðu á hana á unglingsárunum en strákarnir tóku hana að sér. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ég var sautján ára þegar ég datt á milli hæða heima og skaddaðist illa frá mjöðm og upp í efstu hryggjarliði. Á sama tíma spilaði ég lykilhlutverk með knattspyrnu- og handboltaliðum ÍBV en var tilneydd til að hætta vegna meiðslanna,“ segir Svava Kristín Grétarsdóttir, flugfreyja og íþróttafréttamaður á Stöð 2.

„Á nýju heimili okkar í Eyjum var brattur bráðabirgðastigi sem ég stökk upp til að skamma litla bróður minn en datt þá fram fyrir mig og datt út. Ég fékk enga meðhöndlun en læknir sem var kallaður til sagði að það væri ekkert að mér og að ég ætti að hætta í þessum helvítis íþróttum, þótt slysið hefði ekki gerst við íþróttaiðkun. Eftir að hafa verið rúmliggjandi í nokkrar vikur reyndi ég að mæta aftur á æfingar en meiðslin öftruðu mér og ég þurfti að kveðja íþróttaferilinn,“ segir Svava sem á enn í meiðslunum og fer reglulega í meðferð hjá kírópraktor til að halda sér gangandi.

„Ég hef brennandi áhuga á íþróttum en fékk ekki tækifæri til að fá leiða á þeim eins og gengur. Því var ég lengi uppfull af öfund út í alla sem gátu spilað en í kjölfarið byggðist upp brjálaður áhugi á íþróttafréttum og mér finnst gott að geta tekið hann út á öðrum sviðum.“

## Neitaði að gefast upp

Svava Kristín fæddist í Vestmannaeyjum í marsmánuði 1990. Þar sleit hún barnsskónum en flutti upp á land þegar hún stóð á tvítugu.

„Þá var annar yngri bræðra minna á leið í skipstjórnarnám og gat ekki hugsað sér að búa einn í Reykjavík. Ég fór því með honum sem var mjög jákvætt fyrir mig. Ég var tilbúin að fara frá Eyjum og breyta til. Ég setti mér strax markmið um að komast í vinnu við fjölmiðla og sótti því strax um vinnu hjá 365,“ segir Svava sem fékk fljótlega vinnu í þjónustuveri 365 þar sem hún einsetti sér að komast inn á íþróttadeild Stöðvar 2.

„Ég neitaði að gefast upp og fékk fyrsta tækifærið í afleysingum á fréttastofunni sumarið 2015. Í millitíðinni hef ég svo sinnt íþróttaumfjöllun á Vísi en er nú aftur komin á fréttavaktina á skjánum. Þar líður mér vel og í framhaldinu hafa mér hlotnast skemmtileg tækifæri eins og að sjá um Seinni bylgjuna, kvennaþátt um handbolta,“ segir Svava en handbolti er hennar líf og yndi.

„Ég æfði og lék fótbolta og handbolta með ÍBV upp alla yngri flokkana. Ég var mjög góð, þótt ég segi sjálf frá, og leikmenn sem ég tek viðtöl við í dag muna eftir mér. Að þurfa að hætta í boltanum var því rosalega mikill missir því ég tók ekki bara þátt heldur elskaði boltann og æfði upp fyrir mig með eldri stúlkum. Hvort ég hefði mögulega lent í landsliðinu er ekki gott að segja en ég var algjörlega í fremstu röð og eftir slysið var ég svo dramatísk að labba fram hjá fótboltavellinum með tárin í augunum yfir því að geta ekki sjálf tekið þátt en ég gat auðvitað ekkert gert. Því var það algjör sigur þegar það hafðist loks að komast í íþróttafréttirnar,“ segir Svava.

## Uppreisnargjörn fegurðardís

Svava tók þátt í fegurðarsamkeppni Íslands árið 2010.

„Það er nú varla í frásögur færandi en keppnin hentaði mér illa og ég reyndist uppreisnargjarn keppandi. Í dómaraviðtalinu varð allt vitlaust þegar sett var út á það að ég borðaði of mikið Nóa kropp og gæti orðið feit á sviðinu. Ég spurði hvort það væri grín enda liti ég ekkert eðlilega vel út. Mér hentaði ekki að vera í þessum fullkomna bjútíheimi og allt í kringum mig varð að katastrófu. Ég veit að mikil óánægja var með mig á meðal eigenda keppninnar því ég talaði á móti henni,“ segir Svava og heldur áfram:

> Ég hef gengið í gegnum nokkur erfið tímabil en það hvernig maður svarar mótlæti og áföllum í lífinu er mesti skólinn.

„Við fórum sex stelpur úr Eyjum til að taka þátt í Ungfrú Suðurland og fannst frábær hugmynd að geta verið saman á Selfossi allar helgar. En svo komumst við tvær áfram og báðumst undan því að fara í Ungfrú Ísland. Það reyndist ekki í boði svo við héldum áfram en árið 2010 var umræða um líkamsvirðingu og sjálfsást ekki mikil og maður átti bara að grenna sig um fimmtán kíló og vera á horriminni. Ég reifst við konuna sem kenndi okkur að ganga um sviðið á bikiníi því hún vildi að við gengjum um berfættar af þeirri ástæðu að værum aldrei í hælaskóm í bikiníi. Ég svaraði því til að það meikaði engan sens því ekki værum við heldur á bikiníi á Broadway. Það varð allt vitlaust en ég kláraði keppnina, skælbrosandi í síðkjól, og bar ekki sigur úr býtum þegar Fanney Ingvarsdóttir var valin Ungfrú Ísland,“ segir Svava sem hefur aldrei legið á skoðunum sínum og lætur fólk hiklaust vita ef hún er ósátt.

„Það eru stærri hlutir og erfiðari sem kenna manni meira en fegurðarsamkeppni. Ég hef gengið í gegnum nokkur erfið tímabil en það hvernig maður svarar mótlæti og áföllum í lífinu er mesti skólinn. Eins og þegar ég datt í stiganum heima og missti besta vin minn um síðustu jól. Það er lífsreynsla sem hefur kennt mér mikið. Þegar maður missir einhvern sér nákominn skynjar maður svo vel hversu mikilvægt er að njóta og að lífið sé núna. Sú gríðarþunga sorg sýndi mér fram á hversu heitt og mikið ég elska fjölskyldu mína og vini. Það er svo dýrmætt að halda fast í góð tengsl og sorgin kenndi mér að maður gengur ekki að ástvinum sínum vísum. Því þurfum við að njóta hverrar mínútur sem maður fær með sínum nánustu,“ segir Svava og minnist vinar síns, Kolbeins Arons Arnarsonar, markvarðar ÍBV í handbolta, sem varð bráðkvaddur á aðfangadag í fyrra.

„Það var óbærilega erfiður tími og þótt allur tími sé virkilega slæmur til að deyja held ég að aðfangadagur sé erfiðastur.“

## Missti allan vinahópinn

Í vinahópnum er Svava hrókur alls fagnaðar, með hresst viðhorf til lífsins og ekki höll undir dramatík.

„Fólk veit alveg af því þegar ég er mætt og ég slæ öllu upp í grín og létta kaldhæðni enda tek ég sjálfa mig ekki of hátíðlega. Ég er oftar en ekki potturinn og pannan í því að skipuleggja samfundi vinahópsins enda er svo óskaplega gaman að vera saman. Ég lenti í því sem unglingur að missa allan vinahópinn þegar vinkonur mínar lokuðu á mig og ég lenti í andlegu einelti. Sökum þess er ég alltaf til staðar fyrir vini mína, hvað sem á gengur, og ég finn að þeir meta það mikils. Ég er alltaf til staðar, vil vera til staðar og þeir vita að þeir geta leitað til mín hvenær sem er,“ segir Svava um vinahóp sinn sem er ekki sá sami og skildi hana útundan í Vestmannaeyjum á unglingsárunum.

„Ég flutti frá Eyjum strax eftir 10. bekk, um leið og ég komst burtu, enda hafði ég þá verið án vina í tvö ár. Ég þorði ekki lengra frá Vestmannaeyjum en á Selfoss og bjó á heimavist Fjölbrautaskóla Suðurlands. Það voru stelpurnar sem höfðu lokað á mig en strákarnir í vinahópnum reyndust mér enn góðir vinir. Einn daginn spurði einn þeirra hvers vegna ég væri farin á Selfoss og ég sagði honum ástæðuna. Þá sagði hann: „Svava, þú þarft ekki stelpurnar. Þú átt okkur,“ og tók mig að sér í strákahópnum. Því eru allir mínir bestu vinir strákar en ég á líka góðar vinkonur. Þetta gerir að verkum að ég er ansi strákaleg og finnst ég því aldrei vera stelpa í þeim strákaheimi sem íþróttafréttamennskan er.“

Svava segist ekki vita hvers vegna vinkonur hennar í Eyjum sneru við henni baki.

„Ég hef aldrei fengið útskýringar á því; þær hættu bara að tala við mig. Ég hætti meira að segja í fótboltanum á tímabili en svo tók þjálfarinn mig á aukaæfingar og ég mætti í leiki en ekki á æfingar með stelpunum. Seinna fékk þjálfarinn þær til að tala við mig og biðjast afsökunar en við urðum aldrei vinkonur aftur. Ég gerði bara mitt og mætti á æfingar og leiki en hafði engan félagsskap út úr því. Þetta var erfið lífsreynsla sem breikkaði bakið og ég lærði að meta þá sönnu vini sem ég á. Auðvitað er ég svolítið brennd eftir þetta og get orðið dramatísk ef vinir mínir svara mér ekki fljótt en ég á bestu vini í heimi og er á virkilega góðum stað í dag.“

## Draumaprinsinn ófundinn

Svava er einhleyp og nýtur þess að búa í höfuðstaðnum með tíkinni sinni, Arven, sem hún nefndi eftir uppáhalds söguhetjunni sinni úr Lord of the Rings.

„Mér finnst fátt skemmtilegra en að hitta góða vini og njóta lífsins. Ég mæti á alla boltaleiki sem ég kemst á og kýs alltaf handboltaleik fram yfir bíóferð. Íþróttir eiga hug minn allan en mér finnst líka gaman að gera heimilið fallegt og nýt þess að fara í búðir, breyta og bæta með bestu vinkonu minni sem er innanhússarkitekt og veitir mér mikinn innblástur. Það kemur líka fyrir að ég kíki á tónleika og djammið en ég er komin á þann aldur að allir vinirnir eru komnir með börn og allt er að róast,“ segir Svava sem á sér einnig draum um að eignast fjölskyldu og barnaskara þegar þar að kemur.

Hún er einhleyp í dag og segist ekki enn hafa fundið draumaprinsinn.

„Það verður einhver sætur og skemmtilegur en það er fyrir öllu að hann passi vel inn í vinahópinn minn.“

Lengri útgáfa af viðtalinu við Svövu Kristínu er á frettabladid.is

SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA

Arctic Star




Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki
Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir | Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

# Vörubílar & vinnuvélar

FÖSTUDAGUR 25. OKTÓBER 2019

**Kynningar:** Aflvélar, Sleggjan, Klettur, N1 Nesti




**Friðrik Ingi Friðriksson, forstjóri Aflvéla, segir að fyrirtækið selji traustar vinnuvélar frá vönduðustu og þekktustu merkjum heims.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Vandaðar vinnuvélar frá þekktum vörumerkjum

Aflvélar geta séð fyrirtækjum fyrir vönduðum vinnuvélum sem henta í ýmis ólík verk. Þar fæst m.a. allt sem þarf til snjóruðnings, sláttuvélar, gólfþvottavélar, bilanagreiningartölvur og bestu demparar heims. Þar er líka hægt að breyta vörubílum í snjóruðningstæki. →2

Framhald af forsíðu ➪

Fyrirtækið Aflvélar er að byrja vetrarvertíðina, en þar er meðal annars hægt að fá allt sem þarf fyrir snjóruðning; snjóruðningsbúnað, sanddreifara, saltdreifara og snjóblásara og ýmsar aðrar vinnuvélar frá vönduðustu og þekktustu merkjum heims. Aflvélar selja vörur sem henta ýmsum ólíkum fyrirtækjum og þar fást bæði ódýrari græjur sem og þær allra dýrustu og flottustu.

„Við erum með mikið af tækjum fyrir flugvelli,“ segir Friðrik Ingi Friðriksson, forstjóri Aflvéla. „Við höfum allar gerðir af snjóruðningsbúnaði ásamt sameykjum sem eru notuð til að hreinsa flugbrautir. Við erum líka með risastóra dreifara sem dreifa 40 metra breidd af afísingarefni. Eins erum við með alls kyns sópa; götusópa, gangstéttarsópa og önnur slík tæki.

Það er svo ekki langt síðan við hófum að bjóða aðra þjónustu, en það er að breyta vörubílum í snjóruðningstæki. Við setjum í þá nýjar vökvadælur, vökvakerfi og rafkerfi og festum tennur og dreifara á bílana svo þeir séu tilbúnir til vetrarnotkunar,“ segir Friðrik Ingi. „Við setjum upp nýtískulegt alhliða kerfi sem er samstillt í tölvu og gerir manni kleift að stýra nánast öllum hreyfingum með einum stýripinna. Á sumrin er síðan hægt að nota sama stýrikerfi til að lyfta pallinum.

Við höfum breytt flugvallarvörubílum með þessum hætti síðan árið 2008, þannig að við höfum orðið góða reynslu, en fyrir tveimur árum byrjuðum við að bjóða fleiri fyrirtækjum þessa þjónustu,“ segir Friðrik Ingi.

Við vorum líka að fá nýjar tennur fyrir snjóruðning, sem eru af dýrari gerðinni,“ segir Friðrik Ingi. „Þær hafa marga kosti sem þær ódýrari hafa ekki, bæði hvað varðar öryggi og afköst. Það er hröð þróun á þessu sviði.“

## Bestu demparararnir og bilanagreiningartölvur

„Við höfum líka verið að færa okkur á nýja markaði og erum komin með umboð fyrir gæðademparana frá Koni, sem eru bæði fyrir vörubíla og venjulega bíla sem fá mikla notkun,“ segir Friðrik Ingi. „Þeir sem eru gamlir í hettunni þekkja þetta merki vel og margir segja að þetta séu bestu demparar sem til eru.

Svo erum við líka að selja bilanagreiningartölvur frá Texa inn á bílaverkstæði og aðra stærri notkunaraðila, eins og verktaka og þess háttar,“ segir Friðrik Ingi. „Það er margt nýtt og spennandi að gerast í þeim geira.

Nú erum við að byrja með nýja og handhæga tölvu frá Texa sem les upplýsingar frá skynjurum í ventlum á dekkjum bílsins,“ segir Friðrik Ingi. „Þessir skynjarar gefa upplýsingar um loftþrýsting og fleira. Við getum ekki bara lesið upplýsingarnar frá ventlunum heldur getum við líka forritað skynjarana.“

## Allt fyrir slátt og ýmis þrif

„Fyrir utan þetta erum við líka með línu fyrir sumarið fyrir slátt. Við erum með umhverfisvænar sláttuvélar og sláttuorf og fleira í þeim dúr, en þetta er allt drifið áfram af lithíum rafhlöðum en ekki bensíni, sem er mjög spennandi ný þróun,“ segir Friðrik Ingi. „Við erum líka með litla traktora fyrir slátt sem henta vel bæði fyrir bæjarfélög og verktaka.

Þegar kemur að minni vélunum erum við með gólfþvottavélar sem þrífa gólf og henta vel fyrir íþróttahús, verslanir og önnur stærri rými,“ segir Friðrik Ingi. „Mest selda slíka vélin er i-mop, lítil og umhverfisvæn vél sem er drifin áfram af litíum-rafhlöðum en afkastar samt sem áður álíka miklu og stóru gólfþvottavélarnar. Þetta eru litlar vélar sem komast á miklu fleiri staði en stóru vélarnar og henta því bæði til að þrífa minni og stærri svæði, jafnvel litlar skrifstofur. Það er magnað og einstakt að þessi litla vél geti skilað sömu afköstum og stóru vélarnar.

Svo erum við líka að bjóða gólfþvottaróbot frá Cleanfix í Sviss. Vélin tekur eftir því hvort það er fólk eða aðrar hindranir á leiðinni og keyrir í kringum þær,“ segir Friðrik Ingi. „Þetta er frábært fyrir iðnaðarfyrirtæki, verslunarmiðstöðvar, verslanir, íþróttasali eða önnur svæði þar sem mikil vinna fer í þrif. Það sparar pening og mannskap að hafa róbot til að sinna þessu.

Að sjálfsögðu sinnum við svo líka allri þjónustu í kringum þessi tæki, erum með varahluti og annað þess háttar,“ segir Friðrik Ingi. „Hjá okkur færðu alla viðeigandi þjónustu og við sinnum henni vel á eigin verkstæði.“

## Stór lager og gott úrval

„Við erum með mjög sterk vörumerki, þetta eru allt vörur í hæsta gæðaflokki,“ segir Friðrik Ingi. „Við eigum líka mikið til á lager og erum að undirbúa okkur fyrir veturinn með stórum lager. Þannig að við erum með frábærar vörur í miklu úrvali, en í þessum bransa getur oft tekið langan tíma að fá vörur sem þarf að sérpanta.“

## Umhugað um umhverfið

„Okkur er mjög umhugað um umhverfismál og það kemur fram á margan hátt hjá okkur. Nú erum við komin með fimm rafbíla í notkun og við erum með hleðslustöðvar í fyrirtækinu sem eru einnig í boði fyrir viðskiptavini okkar,“ segir Friðrik Ingi. „Þar að auki eru þær lausnir sem við bjóðum í tækjum með þetta í huga. Við bjóðum nú mikið af vélum sem nota rafgeyma í stað jarðefnaeldsneytis. Þar að auki erum við að bjóða lausnir í vökvakerfum fyrir vörubíla með dælum sem spara mikla orku og þar með eldsneyti.“



Hjá Aflvélum er hægt að fá allt sem þarf til snjóruðnings. Hér sést fullbúinn snjóruðningsbíll sem er með öllu tilheyrandi, bæði tönn og dreifara.


Það er hægt að festa þessar snjótennur á dráttarvélar til að ryðja snjó..


Aflvélar selja líka götusópa. Þessi er útbúinn með segulstáli að framan.

> Það er svo ekki langt síðan við hófum að bjóða aðra þjónustu, en það er að breyta vörubílum í snjóruðningstæki.


TEXA TPS er forritari fyrir dekkjaskynjara sem gefa upplýsingar um loftþrýsting og fleira í dekkjum.



Cleanfix gólfþvottaróbot. Vélin forðast hindranir og er frábær fyrir iðnaðarfyrirtæki, verslunarmiðstöðvar, verslanir, íþróttasali eða önnur svæði þar sem mikil vinna fer í þrif.


i-mop gólfþvottavélin er lítil og umhverfisvæn og afkastar álíka miklu og stóru vélarnar.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, | Veffang: frettabladid.is









**Léttir hverja leið**

Við kynnum til leiks hinn fjölhæfa og praktíska Proace Verso sem hefur að bjóða betra farrými og er því sniðinn að hvers kyns fólksflutningum. Það fer betur um fjölskylduna í Proace Verso. Komdu og skoðaðu þennan rúmgóða bíl sem léttir hverja leið í krafti þæginda.

**2 ára þjónustupakki fylgir með öllum nýjum PROACE, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.**

**7 ára ábyrgð fylgir öllum nýjum Toyota bifreiðum.**

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

3+4 ÁBYRGÐ
2 ÁRA ÞJÓNUSTA

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

# Lærði reglugerðina 12 ára

Viktor Arnar Ingólfsson byggingartæknifræðingur hefur starfað hjá Vegagerðinni síðastliðin 30 ár. Það eru fáir, sennilega engir, landsmenn jafn fróðir og Viktor Arnar um umferðarskilti.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



Viktor Arnar er spurður að því hvenær áhugi hans á umferðarmerkjum hafi vaknað.

„Þegar ég var í tólf ára bekk í barnaskóla 1967 var haldin spurningakeppni um umferðarreglurnar í skólum. Ég komst í mitt skólalið en var lasinn heima vikuna fyrir keppnina. Ég notaði tímann til að læra umferðarmerkjareglugerðina utan að og megnið af umferðarlögunum. Því miður var ég enn lasinn þegar keppnin fór fram og mér var ekki hleypt út. En þetta varð til þess að síðan hef ég horft á öll umferðarmerki með sérstakri athygli.“

*Hvað er svona áhugavert við umferðarmerki?*

„Tákn umferðarmerkja eru alþjóðleg samkvæmt svokölluðu Vínarsamkomulagi frá 1968 sem Ísland hefur reyndar enn ekki undirritað. Teikning táknanna er hins vegar mismunandi milli landa. Það er mjög gaman að bera saman þessar teikningar og það er til frábær Wikipedia-síða sem sýnir öll merki, slóðin er: wikipedia.org/wiki/Comparison_of_European_road_signs.“



Viktor með viðvörunarmerkið sem hann frumteiknaði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

*Eru þá til íslenskar teikningar?*

„Já, en fram á 10. áratug síðustu aldar voru ekki til neinar staðlaðar íslenskar teikningar. Þegar Vegagerðin og sveitarfélög keyptu umferðarmerki voru þau ýmist frá íslenskum skiltagerðum eða erlendum. Það mátti því sjá hér á landi umferðarmerki frá ýmsum löndum,“ útskýrir Viktor.

„Umferðarmerkjareglugerð hafði verið gefin út nokkrum sinnum en táknin voru aldrei hreinteiknuð þannig að þau væru nothæf í framleiðslu. Um 1990 var ég að nota FreeHand-teikniforitið við ýmis verkefni í starfi mínu hjá Vegagerðinni og meðal annars hreinteiknaði ég nokkur umferðarmerki. Það varð til þess að mér var falið að hreinteikna öll merkin í reglugerð sem kom út 1995. Samhliða því var frumteikning nokkurra undirmerkja. Síðan hafa komið nokkrar viðbætur við reglugerðina en engin heildarútgáfa.“

*Eru til umferðarmerki á Íslandi sem ekki sjást í öðrum löndum?*

„Já, öll lönd sem eru aðilar að Vínarsamkomulaginu hafa einhverjar sérmerkingar, aðstæður eru svo mismunandi. Mest áberandi af íslensku merkjunum eru nokkur undirmerki, til dæmis einbreið brú, blindhæð og óbrúaðar ár. Þessi merki eru með texta en einnig tákni sem vonandi er sæmilega skiljanlegt.“

*Er textinn þá bara á íslensku?*

„Það hefur verið þannig en nú nýlega var bætt við enskum texta á merki sem táknar einbreiða brú, one lane bridge. Ensku má einnig sjá á nokkrum bráðabirgðamerkjum og upplýsingamerkjum.

Þá er reynt að hafa ensku orðin í öðrum lit en þau íslensku. Nú hefur verið skipuð nefnd til að gera heildarendurskoðun á umferðarmerkjareglugerðinni og meðal þess sem þarf að skoða eru þessi tvítyngdu merki. Sérstakar leiðamerkingar fyrir ferðafólk og athyglisverða staði verða væntanlega líka teknar upp.“

*Viktor Arnar er að lokum spurður að því hvort hann eigi sér uppáhaldsumferðarmerki.*

„Ég frumteiknaði viðvörunarmerki sem táknar veghefil við vinnu. Það var ekki auðvelt en ég er ánægður með árangurinn. Það er líka við hæfi að birta það í þessu vinnuvélablaði.“






Alhliða þjónusta fyrir vörubifreiðar, hópbifreiðar, sendibíla, aftanívagna og tengivagna er aðalsmerki Sleggjunnar.




Guðmundur Björnsson er framkvæmdastjóri Sleggjunnar.



Hjá Sleggjunni er fullkomin smuraðstaða og búnar til flestar stærðir og gerðir af glussalögnum.



Komið er ár síðan Sleggjan flutti starfsemi sína í glæsilegt atvinnuhúsnæði að Desjamýri 10.

# Fagmennska, áræðni og traust

## Sleggjan, þjónustuverkstæði atvinnutækja er framúrskarandi fyrirtæki sem býður alhliða þjónustu fyrir vörubifreiðar, hópbifreiðar, sendibíla, aftanívagna og tengivagna.

Einkunnarorð Sleggjunnar eru fagmennska, áræðni og traust," segir Guðmundur Björnsson, framkvæmdastjóri Sleggjunnar, þjónustuverkstæðis atvinnutækja.

„Við tökum vel á móti öllum og viðskiptavinahópurinn er fjölbreyttur; allt frá stórum landflutningafyrirtækjum og hópferða- og verktakafyrirtækjum til einstaklinga með jafnvel bara einn bíl eða tæki sem þarf að þjónusta," upplýsir Guðmundur sem í Sleggjunni býður upp á alhliða þjónustu fyrir vörubifreiðar, hópbifreiðar, sendibíla, aftanívagna og tengivagna.

„Alhliða þjónusta er ansi vítt hugtak en það má samt segja sem svo að við þjónustum nær allar stærri atvinnubifreiðar með nánast hvað sem er," segir Guðmundur í Sleggjunni sem starfar óháð bílategundum og tekur því allar helstu bílategundir til viðgerða.

„Við gerum bilanagreiningar með fullkomnum bilanagreiningartölvum og getum með þeim tengst öllum helstu bíltegundum," upplýsir Guðmundur.

Á þjónustuverkstæði Sleggjunnar er líka boðið upp á viðgerðir á bremsum, véla- og rafmagnsviðgerðir og viðgerðir á hjóla- og drifbúnaði.

> **Við reynum að hafa biðtímann eins stuttan og við mögulega getum því við vitum að það er gríðarlega mikilvægt fyrir viðskiptavini okkar að halda atvinnutækjum sínum í vinnu.**

„Við erum með fullkomna smuraðstöðu og getum búið til flestar stærðir og gerðir af glussalögnum, svo eitthvað sé nefnt," segir Guðmundur.

### Framúrskarandi fyrirtæki

Sleggjan byggir á áratuga reynslu í atvinnutækjabransanum og hefur frá fyrstu tíð verið fjölskyldufyrirtæki með traustan hóp starfsmanna.

„Frá árinu 2014 höfum við verið í hópi framúrskarandi fyrirtækja hjá CreditInfo og erum mjög stolt af þeirri viðurkenningu," segir Guðmundur.

Ný aðstaða var tekin í notkun í nóvember 2018 þegar Sleggjan flutti í nýtt og glæsilegt atvinnuhúsnæði í Desjamýri 10 í Mosfellsbæ. Mikið var lagt í að gera vinnuumhverfi starfsmanna eins og best verður á kosið og er verkstæðið mjög vel tækjum búið.

„Mikil eftirspurn hefur verið eftir þjónustu hjá okkur og höfum við reynt að anna þeirri eftirspurn eftir bestu getu. Við reynum að hafa biðtímann eins stuttan og við mögulega getum því við vitum að það er gríðarlega mikilvægt fyrir viðskiptavini okkar að halda atvinnutækjum sínum í vinnu," segir Guðmundur.

Hann tekur fram að Sleggjan geti alltaf bætt við sig góðu starfsfólki.

„Það er alltaf þörf fyrir mannskap með reynslu og þekkingu í þessum bransa. Því geta áhugasamir haft samband og séð hvort við höfum eitthvað í boði sem gæti hentað þeim."

Sleggjan er í Desjamýri 10, Mosfellsbæ. Tímapantanir í síma 588 4970. Opnunartími verkstæðis er mánudaga til fimmtudaga frá klukkan 8 til 17 og föstudaga frá klukkan 8 til 16. Frekari upplýsingar um þjónustuþætti Sleggjunnar á sleggjan.is og Facebook undir Sleggjan þjónustuverkstæði.




Sleggjan sinnir öllum stórum atvinnubifreiðum með nánast hvað sem er.



Verkstæði Sleggjunnar er mjög vel tækjum búið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



KOSTIR OG GALLAR

**FORD RANGER WILDTRAK-**

- VÉL: 2,0
- HESTÖFL: 213
- TOG: 500 NM
- 0-100 KM 10,5 SEK.

**Eyðsla í blönduðum akstri:** 8,2 l
**$CO_2$:** 235 g/km
**L/B/H:** 5.359/2.163/1.848 mm
**Hæð undir:** 237 mm
**Eigin þyngd:** 2.309 kg
**Dráttargeta:** 3.500 kg
**Burðargeta:** 1.081 kg
**Verð frá:** 7.690.000 kr.

Kostir:
- Kraftur
- Sjálfskipting
- Útsýni

Gallar:
- Enginn aðdráttur á stýri
- Beygjuradíus

# Eins og vel heppnað hjónaband

**Tvöföld forþjappan tryggir að aflið kemur snemma inn og þó að 500 newtonmetra togið sé aðeins til staðar á 1.750-2.000 snúningum er tíu þrepa sjálfskiptingin það sem fullkomnar hjónabandið.**

Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Ídvínandi bílasölu koma fram bílar öðru hvoru sem neita að lúta lögmálum markaðarins. Einn þessara bíla er nýr Ford Ranger sem selst eins og heitar lummur, hér heima sem erlendis. Pallbíll þessi keppir á markaði þar sem ríkir mikil samkeppni, og nægir að nefna þar bíla eins og Toyota Hilux, Nissan Navara og Mitsubishi L200. Fréttablaðið fékk Ford Ranger til prófunar fyrir skemmstu í vel útbúinni Wildtrak-útgáfu, en segja má að þar sé hann farinn að nálgast mikið betur búna pallbíla eins og VW Amarok og Mercedes-Benz X-línu. Ford Ranger er fáanlegur í fjórum útgáfum og er grunnútgáfan XL sem er vinnuhestur fyrir verktaka. Með því að taka XLT fæst ágætlega búinn pallbíll með búnaði eins og loftkælingu, regnskynjara og Sync 1 upplýsingakerfinu. Enn bætist við búnaðarlistann í Limited- og Wildtrak-útgáfunum og Wildtrak fær þar að auki stærri álfelgur, þakboga og títaníumskreytingar á yfirbyggingu.

## Hver rúmsentimetri nýttur

Maður kemur ekki að tómum kofunum í Ford Ranger Wildtrak. Leðurinnrétting er á flestum slitflötum og ökumannssæti er með rafstillingum á átta vegu. Stýrið er einnig leðurklætt en það er ekki með aðdrætti sem er ókostur. Innréttingin er annars vel útfærð og einfalt er að nota Sync 3 upplýsingakerfið, jafnvel með raddstýringu. Það er mikill munur að sitja í þessum bíl og horfa í kringum sig miðað við flesta aðra bíla. Maður situr hátt og er laus við breiða þakbita svo að útsýnið er gott og óskert. Bakkmyndavél er staðalbúnaður í Wildtrak svo ekki þarf að hafa áhyggjur af þeim hluta bílsins. Sjálfskiptingin er hefðbundin í notkun en ekkert ljós er til að sýna í hvaða stillingu hún er og verður maður að horfa á mælaborðið til þess að sjá í hvaða gír hann er. Gott pláss er í aftursætum og það liggur við að farið geti vel um þrjá fullorðna þar. Undir aftursæti eru tvö stór geymsluhólf og það er kostur hversu vel er hugsað um að nýta hvern rúmsentimetra í þessum bíl fyrir geymsluhólf.





Með átján tommu álfelgum og títaníum á ytra byrði eins og grillinu er útlitið kraftalegt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Pallurinn er klæddur og með festingum í gólfi og ber 1.081 kíló.

» **Maður kemur ekki að tómum kofunum í Ford Ranger Wildtrak. Leðurinnrétting er á flestum slitflötum og ökumannssæti er með rafstillingum á átta vegu.**

## Aflið nýtt fullkomlega

Og þá er bara að vinda sér í skemmtilega þáttinn, sjálfan aksturinn. Af pallbíl að vera er þrusugaman að keyra þennan bíl með tveggja lítra 213 hestafla dísilvélinni. Tvöföld forþjappan tryggir að aflið kemur snemma inn og þó að 500 newtonmetra togið sé aðeins til staðar á 1.750-2.000 snúningum er tíu þrepa sjálfskiptingin það sem fullkomnar hjónabandið með því að nota aflið þar sem það skilar sér best. Sjálfskiptingin sem er ný er hefðbundin, en skiptingarnar eru nógu fljótar til að hafa ekki áhrif á upptak bílsins og það sem betra er, eldsnöggar niðurskiptingar. Þegar hann er kominn í sjöunda gír eru aflhlutföllin 1:1 og eru því næstu þrír gírar eins og yfirgírar. Það er svo bara eins og bónus hvað tveggja lítra vélin gerir þetta allt saman áreynslulaust og án þess að vera of hávær.

## Rafmagnsaðstoð í stýri

Eins og gefur að skilja eru pallbílar ekki þeir þægilegustu í akstri, sérstaklega með pallinn tóman, og þegar haft er í huga að Wildtrak-prófunarbíllinn var á 18 tommu felgum hefði fyrirfram mátt búast við frekar höstum akstri. Þessu er þó alls ekki þannig farið því Ford hefur náð að endurstilla fjöðrunina, meðal annars með nýrri jafnvægisstöng að framan auk þess sem uppgefinn loftþrýstingur í dekkjum er minni en áður. Loks er bíllinn léttur og mátulega næmur í stýri enda núna kominn með rafmagnsaðstoð sem gerir sitt til að betrumbæta aksturseiginleikana, og um leið öryggið með virkum veglínuskynjara og þess háttar. Eini ljóður á annars fullkomnum akstri er hversu mikill beygjuradíusinn er og eins gott að gera ráð fyrir góðu plássi ef snúa þarf Ranger við.

## Góð kaup í vel búnum bíl

Þegar við skoðum verðið á Ford Ranger er rétt að skoða verð á Double Cab grunnútgáfu annars vegar og Wildtrak hins vegar og þá í samanburði við nokkra aðra dýrari pallbíla. Grunnverð Ford Ranger Double Cab XL er 6.490.000 krónur sem er nánast á pari við verð á grunnútgáfu Toyota Hilux, sem er 6.480.000 krónur. Þegar komið er upp í vel búna Wildtrak-útgáfuna sem kostar frá 7.690.000 krónum þarf að fara upp í VX-útgáfur til að fá sambærilegan búnað en þær eru frá 7.950.000 krónum. Í búnaði og afli stenst Ranger Wildtrak líka ágætlega samanburð við VW Amarok V6 en grunnverð hans er 8.190.000 krónur. Kannski kemur Nissan Navara Tekna best út úr samanburðinum við Ranger Wildtrak en þar fer saman mjögt vel búinn bíll með svipaða eiginleika á nákvæmlega sama verði. Því er óhætt að segja að bestu kaupin í nýjum Ford Ranger liggi einmitt í vel búnum útgáfum eins og Wildtrak.

MICKEY THOMPSON
M/T
TIRES & WHEELS

VETURINN NÁLGAST! ERUÐ ÞIÐ TILBÚIN ?

Mickey Thompson jeppadekk í miklu úrvali

Icetrack ehf
773-4334
www.mtdekk.is mtdekk@mtdekk.is

# SENDIBÍLAR Á HAUSTTILBOÐI!

## FORD SENDIBÍLAR




**FORD TRANSIT 350 L2H1 TREND SINGLE CAB**
2.0 TDCi dísil, 130 hestöfl, beinskiptur, 3ja sæta, FWD
Verð með aukabúnaði 6.280.000 kr.
**TILBOÐSVERÐ: 5.390.000 kr.** m. vsk.
4.346.000 kr. án vsk.

**FORD TRANSIT CUSTOM 280S TREND**
2.0 TDCi dísil, 105 hestöfl, 6 gíra
Verð með aukabúnaði 4.930.000 kr.
**TILBOÐSVERÐ: 4.490.000 kr.** m. vsk.
3.621.000 kr. án vsk.

**FORD TRANSIT 350 L3H2 AMBIENTE**
2.0 TDCi dísil, 130 hestöfl, 6 gíra
Verð með aukabúnaði 6.115.000 kr.
**TILBOÐSVERÐ: 5.390.000 kr.** m. vsk.
4.346.000 kr. án vsk.

**FORD TRANSIT CONNECT L1 AMBIENTE**
1.0i bensín, 100 hestöfl, 6 gíra
Verð með aukabúnaði 3.025.000 kr.
**TILBOÐSVERÐ: 2.780.000 kr.** m. vsk.
2.242.000 kr. án vsk.

## CITROËN SENDIBÍLAR




**CITROËN BERLINGO VAN**
1.6 dísil, 100 hestöfl, beinskiptur
Verð frá: 3.140.000 kr.
**TILBOÐSVERÐ: 2.840.000 kr.** m. vsk. | 2.290.000 kr. án vsk.




**CITROËN JUMPY VAN L2 millilangur**
1.6 dísil, 95 hestöfl, 3 sæta, beinskiptur
Verð frá: 4.040.000 kr.
**TILBOÐSVERÐ: 3.640.000 kr.** m. vsk. | 2.935.480 án vsk.

## PEUGEOT SENDIBÍLAR




**PEUGEOT PARTNER VAN**
1.5 dísil, 100 hestöfl, beinskiptur
Verð frá: 3.140.000 kr.
**TILBOÐSVERÐ: 2.840.000 kr.** m. vsk. | 2.290.000 kr. án vsk.




**PEUGEOT EXPERT VAN PLUS L2 millilangur**
2.0 dísil, 120 hestöfl, 3 sæta, beinskiptur
Verð frá: 4.540.000 kr.
**TILBOÐSVERÐ: 4.090.000 kr.** m. vsk. | 3.298.390. kr án vsk.

Brimborg býður heildarlausnir í atvinnubílum frá Citroën, Peugeot og Ford.
Þú færð framúrskarandi viðhaldsþjónustu og flotastýringu hjá sérhæfðu starfsfólki.
Fyrirtækjalausnir Brimborgar kynna tvær nýjungar. Flotastjórann **Brimborg Fleet Manager**,
sem gerir fyrirtækjum kleift að stýra bílaflota fyrirtækisins á hagkvæmari hátt, og nýja **flotarekstrarþjónustu**.

**Fáðu tilboð eða ráðgjöf hjá sérfræðingum Fyrirtækjalausna Brimborgar**
Sími 515 7000 • fyrirtaekjalausnir@brimborg.is

BRIMBORG FYRIRTÆKJA LAUSNIR

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík | Bíldshöfða 6 og 8 • Brimborg Akureyri | Tryggvabraut 5

*Forsendur framlengdrar verksmiðjuábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit samkvæmt staðli framleiðenda frá nýskráningardegi bifreiðar. Kaupandi ber kostnað af þjónustunni. Nánari upplýsingar á citroen.is/abyrgd og peugeotisland.is/abyrgd.

# Flybus fékk nýja bíla á afmælinu

**Flybus fagnar 40 ára afmæli á árinu en flugvallarrútan var sett á laggirnar árið 1979 af Kynnisferðum sem reka þessa þjónustu enn.**



Nýju bílarnir í flotanum eru með nýjum og mjög áberandi Flybus-merkingum. Þeir eru sparneytnari og umhverfismildari en áður.

Flybus hefur af tilefni afmælisins tekið í notkun ellefu nýja fólksflutningabíla, tíu af gerðinni VDL og einn frá Mercedes-Benz.

„Kynnisferðir – Reykjavík Excursions hófu rekstur Flybusrútunnar fyrir 40 árum en Flybus hefur um árabil verið meginleið farþega á milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar. Áætlunarferðir Flybus eru í samræmi við allar komur og brottfarir en við leggjum áherslu á að veita þeim sem sækja Ísland heim bestu mögulegar tengingar við áfangastaði sína.“ segir Björn Ragnarsson, framkvæmdastjóri Kynnisferða. Björn bætir við að Kynnisferðir hafi fagnað 50 ára afmæli á síðasta ári.

„Það er ánægjulegt að fá þessa nýju fólksflutningabíla í flota okkar. Nýju bílarnir eru sparneytnari og umhverfismildari en áður. Þeir eru með aukið pláss bæði fyrir farþega og farangur og með USB-tengi við öll sæti auk ókeypis þráðlausrar nettengingar. Bílarnir eru auk þess búnir nýjasta öryggisbúnaði frá framleiðendum og því öruggari í alla staði fyrir farþega og ökumann. Það er hluti af umhverfis- og öryggisstefnu fyrirtækisins. Við höfum yfir að ráða einum stærsta hópbifreiðaflota Íslands og erum með margar stærðir bifreiða sem sjá um að koma farþegum okkar á marga af fallegustu stöðum Íslands,“ segir Björn enn fremur.

> **Bílarnir eru auk þess búnir nýjasta öryggisbúnaði frá framleiðendum og því öruggari í alla staði.**



# FIAT ATVINNUBÍLAR

FIAT PROFESSIONAL

fiatprofessional.is




## FIAT DOBLO

DÍSEL 1.3 95 HÖ. 5 GÍRA BEINSKIPTUR.
MESTA FLUTNINGSRÝMIÐ Í SÍNUM STÆRÐARFLOKKI.

**ALLIR FIAT VINNUBÍLAR ERU MEÐ 5 ÁRA ÁBYRGÐ.**

Flutningsrými
Van 3,4 m³
Maxi 4,2 m³
XL 5 m³

KG
Burðargeta
Van 750 kg
Maxi 900 kg
XL 1000 kg

**VAN - VERÐ FRÁ**
**2.225.806 ÁN VSK.**
**2.760.000 M/VSK.**

**MAXI - VERÐ FRÁ**
**2.411.290 ÁN VSK.**
**2.990.000 M/VSK.**

## GERIÐ SAMANBURÐ




5 ÁRA ÁBYRGÐ

**FIAT DUCATO**
Verð frá 4.024.194 án vsk.
4.990.000 m/vsk.

**FIAT DOBLO**
Verð frá 2.225.806 án vsk.
2.760.000 m/vsk.

**FIAT FIORINO**
Verð frá 1.854.032 án vsk.
2.299.000 m/vsk.

**FIAT DOBLO XL**
Verð frá 2.895.161 án vsk.
3.590.000 m/vsk.

RAM

ramisland.is

# RAM 3500




**RAM 3500 LIMITED**
**MEÐ 40" BREYTINGU**

GLÆSILEGT ÚTLIT, NÝJAR ÚTFÆRSLUR OG FJÖLMARGAR TÆKNINÝJUNGAR Í BOÐI, S.S.
12" UPPLÝSINGA- OG SNERTISKJÁR, 360° MYNDAVÉL, SKYNJARAR AÐ FRAMAN OG AFTAN,
FJARSTÝRÐ OPNUN Á AFTURHLERA. FÁANLEGUR Í CREW CAB OG MEGA CAB ÚTFÆRSLUM.

## BJÓÐUM UPP Á 35" TIL 40" BREYTINGAPAKKA.

RAM 3500 VERÐ FRÁ KR 6.967.745 ÁN VSK. - 8.640.000 M/VSK.

UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

ISBAND

UMBOÐSAÐILI FIAT OG RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 534 4433 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16



# FLUTNINGA-LAUSNIR

**KAPP er leiðandi í sölu, leigu og þjónustu á flutningstækjum og búnaði**

- Þjónustuverkstæði.
- Notuð og ný tæki.
- Áratuga reynsla.
- Kassaviðgerðir.
- Kæling og frysting.
- Fyrir íslenskar aðstæður.
- Byggt á óskum hvers og eins.
- Vörulyftur, allar gerðir.
- Viðgerðarþjónusta.

**VÉLAVERKSTÆÐI**

- Hedd plönuð og þrýstiprófuð.
- Ventlar og ventilsæti slípuð og skorin.
- Sveifarásar mældir, renndir og slípaðir.
- og svo margt fleira.



**RENNIVERKSTÆÐI**

Rennismíði og fræsivinna á öllum tegundum plasts og málma.
- Upptekning á hvers kyns vélum og heddum.
- Verðtilboð í stærri viðgerðir.



**TRAILERVAGNAR OG KASSAR**

Schmitz Cargobull trailervagnar.
- Leiga á vögnum.
- Innflutningur og sala á nýjum og notuðum vögnum.
- Kassaviðgerðir.

SCHMITZ CARGOBULL



**VÖRULYFTUR**

Allar stærðir og gerðir frá DHollandia.
- Litlir sendibílar.
- Stórir flutningabílar og langferðabílar.
- Hjólastólalyftur
- o.fl. o.fl.

DHOLLANDIA



**KÆLIKERFI**

Carrier kælikerfi fyrir bifreiðar og vagna.
- Fyrir allar gerir af bílum og vögnum.
- Orkusparandi.
- Umhverfisvæn.

Carrier



KAPP leggur ríka áherslu á góða þjónustu og vandað verk enda eru einkunnarorð fyrirtækisins í stóru sem smáu *„Þú finnur traust í okkar lausn“.*

KAPP ehf

VÉLA-KÆLI-& RENNIVERKSTÆÐI

MIÐHRAUN 2 · 210 GARÐABÆ · 587 1300 · KAPP@KAPP.IS · WWW.KAPP.IS



# Nánast allt vélvætt

Jón Egill Jóhannsson, bóndi á Skerðingsstöðum í Hvammssveit, hefur upplifað ýmsar breytingar í landbúnaði frá því hann var að alast upp á búinu sem hann tók svo sjálfur við 1996.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Jón Egill segir ýmsar tækninýjungar í landbúnaði hafa breytt starfi bóndans.

Jón Egill segir gríðarlegar breytingar hafa orðið í landbúnaði frá því hann var alast upp. „Ég er búinn að stýra búinu síðan 1996 en ég er fæddur og uppalinn hér á þessu búi,“ segir Jón Egill. „Frá því ég tók við búinu eru helstu breytingarnar þær að vélarnar eru orðnar stærri og fullkomnari. Það var komin rúlluvél þá en sú sem við notum núna er stærri og gerir stærri og þéttari rúllur sem þýðir að við setjum meira í hvern bagga. Þannig spörum við bæði olíu og plast, en það er náttúrulega best að nota eins lítið af plasti og við komumst upp með.“

Þegar Jón Egill var að alast upp var heyinu rakað saman í galta, keyrt heim og mokað inn í hlöðu með handafli. Seinna kom blásari sem blés heyinu inni í hlöðuna svo ekki þurfti að moka með höndunum. „Síðar kom baggavél með litlum þurrheysböggum. Það var allt þurrkað á þessum tíma. Seinna kom svo flatgryfja. Þá var heyið tekið upp í hleðsluvagna, því mokað ofan í gryfju og þjappað og það svo tekið upp aftur,“ útskýrir Jón Egill.

„Það var ekki fyrr en í kringum 1990 sem við förum að nota rúlluvél. Þarna á milli kom svo heyhleðsluvagn sem tekur heyið sjálfur upp. Þá var hægt að keyra heyið beint heim. Það þurfti ekki lengur að moka því upp á vagn niðri á túni.“

Jón Egill segist í raun búinn að upplifa alla þróunina í heyvinnu. „Nema ég er ekki kominn með rúllusamstæðu sem bæði pakkar og rúllar í einu. Ég er með rúlluvél og pökkunarvél í sitthvoru lagi. Í dag eru að vísu margir farnir að nota vothey aftur. Sérstaklega á stórum búum. En við erum ekki komin þangað enn. Það munar alveg gríðarlega um það í plastnotkun að vera með vothey og það er alls ekkert verra hey.“

## Róbótar mjólka og moka skít

Í dag er orðin mikil vélvæðing í landbúnaði og Jón Egill segir að hægt sé að hafa nánast allt vélvætt. Sérstaklega í kúabúskap. Það eru til róbótar sem mjólka sjálfir og róbótar sem moka skít svo dæmi séu nefnd.

„Við höfum ekki gengið svo langt að hafa róbóta til að mjólka en við erum með mjaltagryfju. Hún er reyndar tölvutengd og það fullkomin að hún gerir allt nema ég þvæ kusurnar og set á þær. Gryfjan stýrir því hve mikið er mjólkað og stýrir þeim inn og opnar fyrir þeim þegar laust er fyrir þær. Hún safnar saman öllum upplýsingum um hve mikið er mjólkað eða hvort eitthvað sé að, eins og til dæmis júgurbólga. Hún sendir okkur viðvörun um það. En það er tækni sem róbótarnir búa líka yfir.“

Sú vinnuvél sem Jón Egill notar mest er dráttarvélin. „Hana nota ég mest allt árið. Ég nota hana við að keyra inn fóður og flytja skítinn frá búinu og út á tún. En svo tengir maður líka alls konar tæki við dráttarvélina til dæmis tæki til að slá og svo rúlluvélina.“

Jón Egill segir rúlluvélina vera mestu byltinguna í landbúnaðarvélum sem hann hefur upplifað. „Hún sparar alveg gríðarlega vinnu. Það er nánast allt gert fyrir þig. Rúlluvélin rúllar upp, pökkunarvélin pakkar, svo er þetta tekið upp með tækjum og raðað í stæður upp á vagni. Mannshöndin kemur ekkert nálægt þessu fyrr en maður þarf að gefa heyið á jötu inni í fjárhúsunum.“

Spurður að því hvort það sé einhver tækni sem vantar segir Jón Egill að það sé helst fóðurkerfi sem gefur sjálft. „Það er að vísu komið einhvers konar þannig kerfi á einhverjum stöðum eins og á nýjum kúabúum. Það virkar þannig að þú setur kannski þrjár tegundir af fóðri inn í skemmu og stillir tölvu. Tölvan blandar svo fóðrið í ákveðnum hlutföllum. Tölvustýrt apparat sem keyrir svo fóðrið inn að jötunum og gefur gripunum, eða færiband í loftinu skammtar fóðrið. Þar sem svona kerfi er komið upp ásamt róbótum sem mjólka og moka skítinn er starf bóndans orðið að meira eftirlitsstarfi. Auðvitað þarf stundum að grípa inn í og það þarf að fylgjast vel með. Það er komið ansi mikið af flottri tækni. Það er bara spurning hvort menn hafi efni á að setja hana alla upp.“

# Hvar í borgarlandinu má leggja vörubílum?

Í 19. grein lögreglusamþykktar fyrir Reykjavíkurborg stendur eftirfarandi:

„Vörubifreiðum, sem eru 4 tonn að leyfðri heildarþyngd eða meira, og fólksflutningabifreiðum, sem flytja mega 10 farþega eða fleiri, má ekki leggja á götum eða almenningsbifreiðastæðum nema þau séu til þess ætluð. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar án tillits til þunga þeirra. Borgarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði þar sem undanþága hefur verið veitt.“



Á sínum tíma voru afmörkuð stæði í Breiðholti, Ártúni, Árbæ og Grafarvogi og eru flest þeirra enn til staðar. Í öðrum hlutum borgarinnar hefur ekki verið gert ráð fyrir sérstökum stæðum fyrir vörubifreiðar, almennt er gengið út frá að stærri ökutækjum sé lagt innan einkalóða þeirra fyrirtækja sem þau eiga og reka.

Bifreiðastæði sem ætluð eru fyrir vörubifreiðar eru merkt með umferðarmerki D01.32 eða með aðalskilti D01.11 og undirmerki um vörubifreiðar.

Þar sem þessi skilti má finna er heimilt að leggja vörubifreiðum.

www.n1.is facebook.com/enneinn






Michelin Quality Dealer 2019

## Michelin X-ICE

Hljóðlát, naglalaus vetrardekk

Ný APS gúmmíblanda tryggir gott grip í kulda

Frábærir aksturseiginleikar



## Michelin X-ICE NORTH 4

Besta hemlun á ís, hvort sem dekkin eru ný eða ekin 10.000 km

Betri aksturseiginleikar m.v. helstu samkeppnisaðila

Hámarks grip með sérhönnuðu mynstri fyrir hverja stærð

Einstök ending



## Michelin Alpin 6

Nýr mynsturskurður sem opnast eftir því sem dekkið slitnar

Heldur eiginleikum sínum út líftíman

Lagskipt gúmmíblanda sem veitir hámarks grip

MICHELIN
Öruggt frá fyrsta til síðasta kílómetra

Notaðu N1 kortið

## Hjólbarðaþjónusta N1

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Bíldshöfða | 440 1318 | Langatanga Mosfellsbæ | 440 1378 | **Opið** | |
| Fellsmúla | 440 1322 | Reykjavíkurvegi Hafnarfirði | 440 1374 | mán – fös | kl. 08-18 |
| Réttarhálsi | 440 1326 | Grænásbraut Reykjanesbæ | 440 1372 | laugardaga | kl. 09-13 |
| Ægisíðu | 440 1320 | Dalbraut Akranesi | 440 1394 | | |
| | | Réttarhvammi Akureyri | 440 1433 | | |

Alltaf til staðar N1

# Kaffihléið er mikilvægast

**6. desember næstkomandi verða 12 ár liðin síðan um það bil þrjátíu áhugamenn um dráttarvélar komu saman í Iðnskólanum í Reykjavík og stofnuðu Ferguson-félagið.**

Í dag eru félagsmenn orðnir rúmlega 280 sem greiða 3.000 króna árlegt félagsgjald. Einn af helstu hvatamönnum félagsins, Ragnar Jónasson, segir tilganginn með stofnun félagsins hafa verið að koma öllum áhugamönnum um dráttarvélar í kynni hverjum við annan.

„Þegar ég er að byrja að velta þessu fyrir mér, þá er ég að horfa út frá því að vera nýbúinn að eignast gamlan grána og ég veit ekki neitt; það væri snjallt ef maður hefði aðgang að fleirum sem eru á sama stigi. Ég byrja að elta uppi menn, sem ég veit að eiga traktora, til þess að leita upplýsinga; eins og með manúala eða partalista. Að geta sótt í reynslusögu annarra, það er frumhugmyndin. Mitt markmið var að reyna að koma mönnum úr skúrnum og gera þá sýnilega,“ segir Ragnar.

> **Þú gast farið í kaupfélagið, lagt alla mjólk og dilka inn. Í staðinn gat kaupfélagið boðið þér fóðurbætinn, allar vörur heimilisins og tvær grundvallargerðir dráttarvéla.**

Segja má að vel hafi tekist til hjá Ragnari og félögum en að hans sögn eru fundirnir, sem félagið stendur fyrir, sóttir af fjörutíu til sextíu félagsmönnum að meðaltali hverju sinni. „Það er alveg ótrúlegt hve margir mæta, miðað við það að kannski er fundarefnið ekki alltaf neitt rosa merkilegt. Menn hafa gaman af því að hittast, og við tölum um það að kaffihléið sé mikilvægasta stundin,“ segir Ragnar og nefnir einnig að efnt hafi verið til tveggja utanlandsferða. Farið var til eyjarinnar Isle of Wight á Suður-Englandi – sem stundum er kölluð Mekka Ferguson-vélanna – og svo á Ferguson-safnið á Jótlandi, sem talið er eitt það stærsta sinnar tegundar í Evrópu. Jafnvel segir hann vera farið að huga að næstu ferð. Það er því óhætt að segja að mikil virkni sé í félagslífinu og segir Ragnar að öllum félagsmönnum standi til boða að sækja utanlandsferðirnar.



Ragnar Jónasson er sannkallaður áhugamaður um dráttarvélar en áhuginn kviknaði í Villingadalnum.






Þó að félagslífið sé fjörugt er ekki þar með sagt að meðalaldur félagsmanna sé eitthvað lægri fyrir vikið. „Meðalaldurinn er býsna hár, sennilega í kringum sjötugt, en auðvitað eru allmargir mun yngri,“ segir Ragnar. Hann segir tækniþróun dráttarvéla hafa verið umtalsverða á síðustu áratugum sem skýra megi dvínandi áhuga yngri kynslóða á uppgerð dráttarvéla. „Vélarnar í dag eru náttúrulega allt öðruvísi. Þetta er mikið glussa- og tölvukerfi. Ef vélin bilar þá sendir verkstæðið mann sem mælir og ef hann getur ekki lagað með því að skipta um einhvern kubb er hringt á dráttarbíl sem sækir vélina og fer með hana á verkstæði þar sem hún er rifin. Þetta eru ekki sömu handtökin lengur.“

Eitt af megingildum félagsins er að grafa upp og varðveita sögu vélanna og tala menn um að vél án sögu sé bara hálf vél. Ragnar segir að landbúnaðarhugsjónir Ferguson og Ford og innkoma dráttarvéla þeirra hafi verið trú þeirra á að aukið framboð matvæla ynni gegn útbreiðslu kommúnismans. Jafnframt hafi vélarnar leyst þá manneklu sem myndaðist þegar hjúalögin giltu.

„Við notum orðið heimilisdráttarvélar vegna þess að tækin hér hjá okkur voru fyrst og fremst notuð til þess að draga sláttu-, snúnings- og rakstrarvélar. Á Íslandi var ekki verið að plægja upp akra. Það eina sem var plægt á Íslandi voru kartöflugarðar og þegar rýnt er í innflutningstölur kemur í ljós að tiltölulega fáir plógar voru fluttir til landsins. Það var ekki hefð fyrir því. Þessi dráttartæki leysa fólksþörfina í sveitunum af hólmi,“ segir Ragnar sem kveðst sjálfur hafa þá reynslu að vera sendur í sveit 11 ára gamall. „Ég er fæddur 1947 og var sendur í sveit frá 11 til 15 ára aldurs og byrjaði strax að keyra traktor. Það er ástæðan fyrir öllu. Ég var sendur norður í Eyjafjörð, á bæ sem heitir Villingadalur. Bærinn hét þetta áður en ég kom,“ segir Ragnar.

> **Ef vélin bilar þá sendir verkstæðið mann sem mælir og ef hann getur ekki lagað með því að skipta um einhvern kubb er hringt á dráttarbíl sem sækir vélina og fer með hana á verkstæði þar sem hún er rifin.**

„Það var svo sniðugt í gamla daga. Þú gast farið í kaupfélagið, lagt alla mjólk og dilka inn. Í staðinn gat kaupfélagið boðið þér fóðurbætinn, allar vörur heimilisins og tvær grundvallargerðir dráttarvéla. Frá International Harvester eða Ferguson. Amerísk eða bresk. Hins vegar, ef þú vildir Deutz, þurftirðu að fara í kaupfélagið og tala þar við mann og segja að nú vantaði þig að taka út peninga, því þú ætlir í Hamar að kaupa Deutz. En það var ekki sjálfsagt að þú fengir peningana því þeir voru í veltu kaupfélagsins. Menn voru hálfvegis neyddir til þess að versla við kaupfélagið og kaupa traktora þar, en höfðu þó þetta; Nalla eða Ferguson,“ bætir hann svo við.

Öllum áhugamönnum um gamla traktora er hleypt inn í Ferguson-félagið, óháð því hvaða tegundir þeir aðhyllast, þó að nafnið gefi kannski annað til kynna. Ákveðið var að breyta lögum félagsins þegar kom í ljós að margir félagsmanna áttu aðrar tegundir dráttarvéla, en ákveðið var að halda nafninu sem hafði þegar náð fótfestu sem sameiningartákn áhugamanna um gamla traktora.

Heimasíðu félagsins má finna á slóðinni ferguson-felagid.com, og á Facebook er þá að finna á tveimur síðum; Fergusonfélagið og Fergusonfélags-grúppan.

# Afhenda afmælisútfærslu Scania

Klettur mun afhenda nýja Scania R650 kranabíla með 50 ára afmælisútfærslu V8 á næstunni. Hjá Kletti hefur verið mikil aukning á afhendingu kranabíla að undanförnu og Hiab hleðslukrana.

Scania vörubifreiðar hafa um árabil verið söluhæstu vörubifreiðar landsins og er Hiab einn stærsti framleiðandi í heimi á hleðslukrönum fyrir vörubíla. Í ár heldur Scania upp á 50 ára afmæli V8 vélarinnar sem hefur verið flaggskip þeirra og ekki að ástæðulausu að bílar með V8 mótor hafa fengið nafnbótina „King of the Road“,“ segir Bjarni Arnarson, framkvæmdastjóri sölusviðs hjá Kletti.

„Í dag er Scania eini framleiðandi vörubifreiða sem getur boðið V8 Euro 6 vélar, sem gefur þeim sérstöðu á sínum markaði. Scania hefur skapað sér traustan sess hér á landi og leggur Klettur mikinn metnað í að þjónusta viðskiptavini sína sem best. Opið er á vörubílaverkstæðinu til kl. 23.30 og í öllum deildum er bakvakt allan sólarhringinn allan ársins hring. Jafnframt höfum við opnað þjónustuumboð á Akureyri til að auka þjónustuna við viðskiptavini okkar,“ segir Bjarni.

## Nýjungar frá Hiab

Vörulína og undirtektir Hiab hafa sennilega aldrei verið sterkari en Hiab hefur framleitt hleðslukrana óslitið frá 1944. „Undanfarið hefur Hiab kynnt marga nýja krana og tækninýjungar og má þar helst nefna nýja kynslóð af HiPro stjórnkerfinu sem er það fullkomnasta sem völ er á í hleðslukrönum en það býður upp á mikið vökvaflæði og einstaka samkeyrslu og nákvæmni á hreyfingum kranans,“ upplýsir Bjarni.

„Aðrar spennandi nýjungar eru ASC búnaður (Automatic Speed Control) sem eykur lyftigetu og stillir af hámarkshraða sjálfvirkt; PFD (Pump Flow Distribution) sem jafnar út vökvaflæði í réttu hlutfalli miðað við það vökvaflæði sem er til ráðstöfunar en með því fæst ótrúleg nákvæmni á hreyfingar kranans; Hiab VSL plus stöðugleikakerfi sem er afar fullkomið og býður upp á hámarksstöðugleika óháð í hvaða stöðu stoðfætur eru hverju sinni og eykur þar með öryggi bíls og krana; Hiab Endurance sem er ný umhverfisvæn yfirborðsmeðhöndlun á lakki krananna sem byggir á nanótækni og veitir hámarks vörn og endingu. Þetta eru aðeins örfá dæmi um þær nýjungar sem komið hafa fram að undanförnu,“ segir Bjarni.

## Ný Scania R650 8x4*4

Kranaþjónusta Rúnars Bragasonar fékk afhentan í síðustu viku glæsilega Scania R650 8x4*4 með Hiab 408 HiPro hleðslukrana sem er um það bil 40 tm. Ábyggingin er frá Sörling í Svíþjóð og er pallurinn meðal annars með víbrara, gámalásum og upphitun. Ábyggingin er einstaklega lág á bílnum sem bætir alla umgengni. Góðar hirslur eru síðan á hliðum bílsins og er hann með stoðfætur að aftan.

## Ný Scania R650 10x4*6

Urði ehf. og ESJ vörubílar ehf. eru um þessar mundir að taka í notkun stórglæsilega Scania R650 10x4*6 með Hiab 1058 HiPro hleðslukrönum ásamt Jib (fingri) en þessir kranar eru í 90-100 tm klassanum. Ábyggingin er frá Tyllis í Finnlandi og er hún sérsniðin að þörfum eiganda með tilliti til umgengni og festinga á vörum. Stoðfætur eru bæði fremst á bíl, út frá krana og aftast sem veitir 100% lyftigetu allan snúningsferilinn. Ábyggingin er einstaklega lág á bílnum. Góðar hirslur eru síðan á hliðum.



Gröfuþjónusta Rúnars Bragasonar ehf. fékk þessa Scania R650 8x4*4 með Hiab krana og Sörling ábyggingu afhenta á dögunum.

> Í ár heldur Scania upp á 50 ára afmæli V8 vélarinnar sem hefur verið flaggskip þeirra og ekki að ástæðulausu að bílar með V8 mótor hafa fengið nafnbótina „King of the Road“.
>
> Bjarni Arnarson

## V8 afmælisútgáfur

Allir bílarnir eru af Scania V8 afmælisgerð með 650 ha. 3.300 Nm V-8 vélini sem er 16,4 l. Ökumannshús er CR20N (millihátt), búið öllum helstu þægindum sem völ er á eins og leðuráklæði, lúxuskoju, ísskáp, margmiðlunarkerfi með snertiskjá, GPS leiðsögukerfi og hraðastilli með fjarlægðarnema og fleira. Ökumannshúsið býður upp á besta útsýni sem gerist í dag í vörubíl, frábært aðgengi að öllu sem viðkemur mælaborði og innstig inn í húsið er gott

KLETTUR


ESJ vörubílar ehf. er að fá þessa Scania R650 10x4*6 með Hiab krana og Tyllis ábyggingu afhenta.


Urði ehf. er að fá þessa Scania R650 10x4*6 með Hiab krana og Tyllis ábyggingu afhenta.

# Ekkert vandamál komið upp með hybrid vinnuvélar

Þörf á umhverfisvænum lausnum verður æ meiri og mörg fyrirtæki undirbúa sig fyrir að minnka þörfina á jarðeldsneyti. Fyrirtækið Komat'su framleiðir vinnuvélar og hefur verið leiðandi í framleiðslu á svokölluðum hybrid beltagröfum. Hér á Íslandi hafa átta slíkar vélar selst frá árinu 2017.

Sólrún Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is



Til eru tvær mismunandi gerðir af hybrid beltagröfum Komat'su, það er annars vegar Komat'su HB215LC-3 sem er 23 tonn að þyngd og Komat'su HB365LC-3 sem er 37 tonn að þyngd.

Halldór Ólafsson, sem þekkir Komat'su hybrid beltagröfurnar hér á Íslandi mjög vel, segir að ein slík vél eyði um 20% minna eldsneyti en Komat'su vél af sömu þyngd sem gengur bara fyrir eldsneyti, og hybrid vél getur sparað allt að 40% meira eldsneyti. Fyrir utan það eru vélarnar hljóðlátari en venjulegar beltavélar.

„Komat'su hefur líka brjálæðislega trú á hybrid búnaðinum í vélunum sínum, þrátt fyrir að vera með 820 vélar í notkun bara í Evrópu, þá eru þeir með fimm ára ábyrgð á öllum varahlutum í hybrid vélinni, eða 10.000 vinnustunda ábyrgð, og það hefur enn ekki komið upp eitt vandamál í búnaðinum," en fyrstu vélarnar voru seldar árið 2008, og alls eru 4.657 hybrid Komat'su vélar til. „Það er mikil þörf á þessu. Bæði út af sparnaði og umhverfissjónarmiðum, og öllu. Það eru engin rök fyrir því að velja ekki frekar þennan kost."

**» Komat'su hybrid beltagrafan eyðir um 20% minna eldsneyti en Komat'su vél af sömu þyngd sem gengur bara fyrir eldsneyti.**




Halldór Ólafsson stendur hér fyrir framan Komat'su beltagröfu.


MAXIMA bílalyftur

Fyrst og fremst gæði og öryggi.




Útvegum beint frá framleiðanda fjarstýrðar, stólpalyftur fyrir stóra bíla.
Lyftigeta: 30 tn. (7,5tn pr. stólpa), mesta hæð: 1820mm.
(Rafknúið vökvakerfi.)
Mjög öruggar og þægilegar í notkun.

Tveggja ára ábyrgð framleiðanda. Afgreiðslufrestur allt að 3 mánuðum.

- Kapla laus. (Gert er ráð fyrir hleðslu þegar þær eru ekki í notkun.)
- Nothæf hvar og hvenær sem er
- Engin hætta á skriði.
- Upplýsingar af skjá:
  - Lyftihæð á rauntíma.
  - Fylgist stöðugt með ástandi rafgeyma.
  - Leiðbeiningar til úrbóta ef eitthvað bjátar á.
- Stöðvast sjálfkrafa þegar fullri hæð er náð.
- Öryggis rofi og "mekanísk" læsing.
- Sjálfvirk stöðvun við 50mm hæðarmun.
- Lyfturnar virka eðlilega þó álag á þær sé misjafnt.
- Ný gerð loftnets.
- Neyðarrofi á hverjum stólpa ef nauðsyn krefur.

Frekari upplýsingar hjá umboðsaðila:

Gott Á.R. ehf. véladeild

Laugavegi 178, 105 Reykjavík -Sími: 6983144




Starfsmenn eru um fjurtíu en auk sölu á varahlutum og rekstrarvörum er einnig boðið upp á þjónustu eins og samstningu á stýriskápum.

## Brammer Ísland verður Rubix

Rubix á Íslandi sérhæfir sig í sölu á varahlutum og iðnaðarvörum til viðgerða og rekstrar. Það hóf starfsemi sína á Íslandi árið 2007, þá undir merkjum Brammer. Þremur árum síðar var Brammer Ísland ehf. stofnað og starfaði það sem sjálfstæð eining. Eftir samruna Brammer Group og fyrirtækisins IPH-Group árið 2017 var nafninu síðan breytt í Rubix.

„Orðið Rubix er tengt við lausnir á vandamálum. Nafnið á að gefa til kynna skapandi og mannlega nálgun okkar í leit að lausnum fyrir viðskiptavini," segir Jóhann Benediktsson, forstjóri Rubix á Íslandi.

Jóhann segir að Rubix á Íslandi sé hluti af evrópsku keðjunni Rubix-Group, sem velti rúmlega 2,3 milljörðum evra árið 2018. Aðaleigandinn er bandaríski fjárfestingarsjóðurinn Advent International.

Að sögn Jóhanns eykst framboð á þjónustu og vöru sem viðskiptavinir Brammer þekkja vel með tengingunni við Rubix. „Viðskiptavinir okkar hér á landi njóta þess meðal annars að fá aðgang að 8.000 sérfræðingum hvaðanæva úr Evrópu. Þeir búa yfir góðum skilningi á þörfum viðskiptavinarins sem kemur að góðum notum fyrir þá," segir Jóhann.

Rubix á Íslandi rekur tvær starfsstöðvar; eina á Reyðarfirði sem þjónustar starfsemi álversins Alcoa Fjarðaáls, og aðra við Dalveg í Kópavogi, þar sem verslun, vöruhús og verkstæði er að finna.

Starfsmenn fyrirtækisins eru um 40 en auk sölu á varahlutum og rekstrarvörum er einnig boðið upp á þjónustu eins og smíði á vökva- og loftslöngum og samsetningu á stýriskápum fyrir vökvakerfi.

„Við hjá Rubix ætlum að vera markaðsleiðandi fyrirtæki hér á landi í sölu á varahlutum og iðnaðarvörum og þjónusta fyrirtæki með sérsniðnum lausnum. Hvort sem það er sala varahluta, viðgerðarþjónusta, iðnaðarsjálfsalar, starfsstöð innan fyrirtækis eða annað," segir Jóhann.



Íslensk kjötsúpa er alltaf vinsæl.



Lögð er áhersla á íslenskan heimamat hjá sumum veitingastöðum N1 Nesti. Hér er það til dæmis girnilegt snitsel með frönskum.



Fiskur og franskar er eitthvað sem alla langar að fá sér að borða.

# Íslenska kjötsúpan í uppáhaldi hjá bílstjórum

## Dagurinn byrjar snemma hjá N1 Nestisstöðvunum. Starfsfólkið tekur vel á móti bílstjórum í fyrsta stoppi dagsins og býður upp á rjúkandi heitt kaffi, nýbakað bakkelsi og rúnstykki.



Steinunn Björk Eggertsdóttir, vörustjóri veitinga, segir að N1 Nesti bjóði upp á frískandi boozt sem allt er gert úr fyrsta flokks hráefni.

Þegar fólk kemur inn á N1 Nesti getur það gripið með sér kaffi og með því í vinnuna eða sest niður í rólegheitum á staðnum. „Lögð er áhersla á holla og góða vöru til að koma til móts við kröfur viðskiptavina. Hvað er notalegra en að fá sér eftirlætis kaffidrykkinn og freistandi sætabrauð eða brauðmeti í byrjun dagsins?“ segir Steinunn Björk Eggertsdóttir, vörustjóri veitinga, og bætir við að uppáhald bílstjóranna sé íslenska kjötsúpan, sérbakað vínarbrauð og ylvolgir ástarpungar í Staðarskála. „Gamli kaffiuppáhellingurinn er líka alltaf á sínum stað,“ segir hún.

Ferðalangar og atvinnubílstjórar geta fundið alls kyns góðan mat á ferð sinni um landið. N1 Nesti er víða um landið. Frá Borgarnesi austur að Hvolsvelli er hægt að velja um matarmiklar súpur, til dæmis kjötsúpu, kjúklinga-, eða gúllassúpu eða annað það sem hugurinn girnist. „Hefðbundinn grillmatur sem alltaf er vinsæll er sömuleiðis í boði á þessum stöðum þannig að úrvalið er fjölbreytt og allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Hvort sem það er hamborgari, samloka eða pítsa þá er alltaf hægt að finna eitthvað gott í Nesti,“ upplýsir Steinunn.

Hjá N1 Nesti í Borgarnesi, Staðarskála og á Egilsstöðum er boðið upp á hefðbundinn heimilismat ásamt súpu dagsins í hádeginu. Lögð er áhersla á sannkallaðan mömmumat, snitsel, kótilettur, fisk, lambakjöt eða aðra rétti sem Íslendingar þekkja heiman frá sér. Lögð er áhersla á metnað í eldhúsinu. Ferskt og fjölbreytt Nesti bíður fólks hvert sem það fer um landið.

Ekki má gleyma söfum og frískandi boozti, drykkirnir eru allir gerðir úr fyrsta flokks hráefni. Sannarlega hollusta í amstri dagsins.

N1 Nesti tekur vel á móti viðskiptavinum sínum á veitingastöðum hringinn í kringum landið, eða frá Akranesi til Hvolsvallar. Á höfuðborgarsvæðinu, Hveragerði og Selfossi er boðið upp á fjölbreyttar kaffiveitingar, pylsur og einnig ís á flestum stöðvum. N1 Nesti er á 22 stöðum um landið.



Rjúkandi heitt bakkelsi með morgunkaffinu á N1 Nesti.

# Bílstjórar þurfa hreyfingu

Vörubílstjórar og aðrir aðvinnubílstjórar sitja oft löngum stundum undir stýri þegar vinnudagurinn er langur. Nauðsynlegt er að brjóta upp daginn og hreyfa sig reglulega. Gott viðmið er að standa upp á um 40-60 mínútna fresti sé það mögulegt, teygja úr sér og ganga helst um í stutta stund.

Með því að ganga hraðar, í meiri halla eða lyfta hnjánum má reyna meira á sig. Lengri hlé er síðan hægt að nýta í lengri göngu og frekari æfingar. Einnig er tilvalið að sveifla örmunum til að örva blóðflæði um axlirnar og efri útlimi. Aðstæður til hreyfingar á vinnutíma eru auðvitað mismunandi og oft er jafnvel lítið sem ekkert hægt að hreyfa sig.

**» Mikilvægt er að huga að hreyfingu utan vinnutíma. Öll hreyfing er til bóta fyrir bílstjóra.**

Þá er mjög mikilvægt að huga að hreyfingu utan vinnutíma, hvort sem það eru lengri göngur, hjólreiðar, sund eða að stunda frekari þjálfun í samræmi við getu og áhuga hverju sinni. Aðalatriðið er að forðast að sitja kyrr tímunum saman og taka ákvörðun um að hreyfa sig.



Nauðsynlegt er að hreyfa sig reglulega ef maður situr allan daginn.



Fyrsti vélknúni vörubíllinn var smíðaður 1896. NORDICPHOTOS/GETTY

## Saga vörubílsins

Fyrsti vélknúni vörubíllinn var smíðaður árið 1896 af þýska frumkvöðlinum Gottlieb Daimler. Vörubíllinn var með fjögurra hestafla vél og tvo gíra auk bakkgírs. Þetta var fyrsti sendibíllinn. Daimler framleiddi líka fyrsta mótorhjólið árið 1895 og fyrsta leigubílinn árið 1897. Vörubíllinn átti erfitt uppdráttar í fyrstu og Daimler seldi ekki eitt einasta eintak af fyrsta vörubílnum í Þýskalandi. Honum tókst að lokum að finna kaupanda á Englandi. Það var þó ekki fyrr en árið 1901 sem vélknúinn vörubíll reyndist betri en gufuknúinn. Það kom í ljós í samanburðarprófunum sem gerðar voru í Liverpool á þeim tíma.



Á langri keyrslu er hressandi að fá sér svaladrykk fullan af fjörefnum.

## Piña Colada í vetrartíð

Á langri keyrslu um ískalt Ísland er gott að láta sig dreyma um svalandi drykk á sólarströnd og ekki er verra ef hann var útbúinn í nesti að heiman. Þessi uppskrift er holl og hressandi á þjóðveginum. Ananas lækkar blóðþrýsting og bætir meltingu og bananar eru fullir af vítamínum og trefjum ásamt því að lækka blóðsykur. Appelsínur eru svo góðar í baráttunni við kvef enda fullar af C-vítamíni.

### Svona er uppskriftin:

- 1 stór og þroskaður banani
- 100 ml appelsínusafi
- ½ þroskaður ananas
- 50 ml mjólk að eigin smekk

Setjið ísmola í blandara og hellið safanum út á. Afhýðið ananas, skerið í bita og setjið í blandarann ásamt appelsínusafanum. Bætið banana út í ásamt mjólk. Blandið saman þar til kremað og mjúkt.



# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Þjónusta

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

**SKRÚÐGARÐYRKJA OG RÁÐGJÖF.**
Tek að mér haustklippingar, þrif á lóðum og alla almenna garðyrkju og tek einnig að mér ráðgjöf varðandi stærri breytingar.
**Hjörleifur Björnsson skrúðgarðyrkjufræðingur s:662-6625**

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Önnur þjónusta




## Keypt & Selt

### Til sölu




Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Heilsa

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

### Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU.**
Auðbrekka - leiga
Skrifstofu-, verslunar- og atvinnubil
100 - 450 fm
GSM 690 3031
**Nánar uppl. s. 840 3992**

**IÐNAÐAR- EÐA LAGERHÚSNÆÐI TIL LEIGU**
Til leigu 180-270 fm. atvinnuhúsnæði með innkeyrsluhurð í Bolholti 4 (bakhús) 105 Rvk.
Laust strax.
**Uppl. í s: 893-8166 eða grensas@gmail.com.**
**Grensás ehf. / Ragnar**

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is











VILT ÞÚ SELJA HÚSIÐ ÞITT?

STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000



Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is



Fullt af öflugu sölufólki!

hagvangur.is

HAGVANGUR

ht.is

Whirlpool

# DAGAR



17.-27.
OKTÓBER

## 20-40% AFSLÁTTUR AF WHIRLPOOL HEIMILISTÆKJUM

ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR · KÆLISKÁPAR · HÁFAR · HELLUBORÐ
UPPÞVOTTAVÉLAR · BAKARAOFNAR · FRYSTIKISTUR · ÖRBYLGJUOFNAR

Heimilistæki

REYKJAVÍK · AKUREYRI · REYKJANESBÆR · SELFOSS · EGILSSTAÐIR · HÚSAVÍK · AKRANES


Eucerin®
ÓMEÐHÖNDLAÐ
VIKA 2
VIKA 4
VIKA 8
NÝTT
EINKALEYFIS
VERNDAÐ
VIRKT EFNI,
THIAMIDOL
Eucerin
ANTI-
PIGMENT
DUAL SERUM
MEDICAL SKINCARE
LITABLETTIR? SJÁANLEG MINNKUN OG VARANLEGUR* ÁRANGUR
SJÁANLEGUR ÁRANGUR EFTIR 2 VIKUR
* með reglulegri notkun

# Erlendir listamenn fá innblástur á Íslandi

**Gestalistamenn frá hinum ýmsu löndum sýna verk sín í SÍM-salnum í Hafnarstræti. Íslenskt landslag og náttúra er þeim innblástur.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Sú hefð hefur skapast að gestalistamenn, frá hinum ýmsu löndum, sem hafa dvalið í vinnustofum SÍM á Seljavegi og á Korpúlfsstöðum, sýni verk sín á árlegri sýningu í SÍM-salnum í Hafnarstræti. Slík sýning verður opnuð á morgun, laugardag, klukkan 17.00 og stendur til þriðjudags.

Martynas Petreikis hefur umsjón með sýningunni. „Í sautján ár hefur SÍM boðið gestalistamönnum að sýna verk sín í galleríinu hér í Hafnarstræti. Að þessu sinni sýna 17 listamenn frá hinum ýmsu löndum. Þeir hafa dvalið hér á landi í mánuð og tveir þeirra lengur. Allir eru velkomnir og geta skoðað verkin sem unnin eru undir áhrifum frá heimsókn listamannanna og heilsað í leiðinni upp á þá,“ segir Martynas. „Listamennirnir vinna í alls kyns miðla, þarna eru málverk, innsetningar, teikningar og vídeóverk.“



Martynas Petreikis.

Martynas sem er frá Litháen hefur búið á Íslandi í sjö ár og starfað hjá SÍM í um það bil eitt ár. Hann kom hingað sem gestalistamaður hjá SÍM og átti upphaflega að dvelja hér í tvo mánuði og bætti við aukamánuði en heillaðist svo mjög af Íslandi og menningunni að hann ákvað að setjast hér að. Hann segist kunna ákaflega vel við sig á Íslandi og er hæstánægður í starfi sínu hjá SÍM. „Hér hef ég tækifæri til að hitta listamenn frá hinum ýmsu löndum. Mér finnst dásamlegt að sýna þeim íslenska list og menningu.

Erlendir listamenn hafa mikinn áhuga á að dvelja í vinnustofum SÍM og á hverju ári fáum við um 200 umsóknir. Listamennirnir sem skapa list sína á vinnustofum okkar eru mjög ánægðir með að fá þetta tækifæri til að dvelja á Íslandi og íslenskt landslag og náttúra veitir þeim innblástur. Ný kynslóð íslenskra listamanna er svo að setja sitt mark á hinn alþjóðlega listaheim. Það á líka sinn þátt í miklum áhuga erlendra listamanna á því að koma til Íslands, hitta listamennina og heimsækja gallerí og listasöfn og kynna sér norræna listasögu.“




# Fiðluleikari af holdi og blóði

**TÓNLIST**

★★★★★

**Joshua Bell og Alessio Bax fluttu verk eftir Schubert, Franck, Bach og Ysaÿe.**

**Eldborg í Hörpu**
sunnudaginn 20. október



**Fiðlusnillingurinn Joshua Bell heillaði í Hörpu.** MYND/ LISA MARIE MAZZUCCO

Eitt kvöld birtist fiðluleikarinn Niccolo Paganini á götum Lundúna. Fólk æpti af skelfingu og sumir hlupu í burt. Aðrir, sem voru hugrakkari, gengu hikandi til hans og snertu til að fullvissa sig um að hann væri af holdi og blóði. Paganini spilaði betur á fiðlu en nokkur annar. Leikni hans var þvílík að hann hlaut að hafa selt sál sína Djöflinum.

Atburðurinn átti sér stað um miðja nítjándu öldina. Árið 2007 birtist annar fiðluleikari meðal almennings, að þessu sinni í neðanjarðarlestarstöð í Washington. Hann spilaði Bach í 45 mínútur. Öllum var sama. Enginn æpti af skelfingu, enginn reyndi að koma við hann. Menn flýttu sér framhjá, sumir hentu einhverju klinki til hans.

Þetta var Joshua Bell, einn frægasti fiðluleikari heims. Hann var að taka þátt í tilraun til að sjá hversu almenningur væri meðvitaður um veröld klassískrar tónlistar. Furðuleg uppákoman var kvikmynduð með falinni myndavél og má sjá hana á YouTube. Hún er sorgleg, það er dapurlegt að upplifa hve fólk er gersamlega lokað fyrir ótrúlegri fegurðinni, sem er þó aðeins í nokkurra metra fjarlægð.

**Kaþólsk trúarvíma**

Áheyrendur voru hins vegar allir með á nótunum þegar Bell kom fram á tónleikum í Eldborg Hörpu. Með honum lék Alessio Bax á píanó og dagskráin vakti mikla lukku. Hún hófst með rondói í h-moll eftir Schubert, óvanalega glæsilegu verki sem sýndi vel tæknilega yfirburði fiðluleikarans. Leikni hans var ótrúleg, öll tónahlaup voru framkvæmd af aðdáunarverðu öryggi. Þau voru skýr, jöfn og tandurhrein.

Næsta tónsmíð, sónatan í A-dúr eftir Cesar Franck, bauð upp á meiri listræn tilþrif. Þar var talsvert um langa, draumkennda tóna og hástemmdar laglínur. Bell hafði þær fullkomlega á valdi sínu og lék af griðarlegri andakt. Franck var lengst af orgelleikari og tónlist hans er gegnsýrð af kaþólskri trúarvímu. Bell náði að skila þessari stemningu til áheyrenda, og það gerði píanóleikarinn, Bax, líka. Hann var þar ekki í neinu undirleikshlutverki, bæði hljóðfærin eru jafn mikilvæg. Bax lék af innblásinni fegurð.

**Engar beinagrindur**

Ekki síðri var fjórða sónatan eftir Bach, sem var upphaflega hugsuð fyrir fiðlu og sembal, forföður píanósins. Semballinn hefur sinn sjarma, en hann hljómar stundum eins og beinagrindur að elskast uppi á blikkþaki. Píanóið býr yfir mun meiri mýkt og fjölbreytileika. Hér var tónlistin lifræn, hljóðfærið skapaði hlýlegt andrúmsloft. Fyrsti kaflinn, sikileyskur dans, var svo yndislega fallegur hjá báðum hljóðfæraleikurunum að maður komst við.

Lokaverkið var einleikssónata eftir Eugene Ysaÿe, rafmagnað verk sem er afskaplega erfitt í flutningi, en Bell hristi það fram úr erminni. Þetta er dramatísk tónlist, full af átökum, myrk og seiðandi; útkoman var stórfengleg.

Bell kynnti þrjú aukalög í lokin, konfektmola eftir Clöru Schumann, Wieniawski og Chopin, sem öll runnu ljúflega niður. Hann er hinn viðkunnanlegasti náungi sem hrósaði Eldborginni, sagði hana vera besta tónleikasal í heimi, betri en Carnegie Hall. Við megum svo sannarlega vera stolt af Hörpunni sem hefur lyft tónlistarlífinu á Íslandi upp um nokkrar hæðir.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Stórkostlegir tónleikar með mögnuðum flytjendum.

# Berskjaldaður styrkur

**BÆKUR**

**Leðurjakkaveður**

★★★☆☆

**Fríða Ísberg**
**Blaðsíður:** 46
**Útgefandi:** Mál og menning/Forlagið

*Það er ekkert til*
*sem heitir berskjaldað skáld*
*þegar það klæðist ljóðmælandanum*
*eins og leðurjakka*

segir í bókinni Leðurjakkaveður eftir Fríðu Ísberg (f. 1992). Bókin er þriðja skáldverkið eftir þennan athyglisverða höfund sem kvaddi sér eftirminnilega hljóðs með sinni fyrstu ljóðabók, Slitförunum, sem kom út fyrir tveimur árum. Með grípandi og meitluðum ljóðmælum tókst hún þar á við bernskuupplifanir og áhrifavalda uppeldisáranna í leit að sínum innsta kjarna. Ári síðar vakti hún enn eftirtekt þótt róin væri á önnur mið með sposkum og dirfskufullum smásögum í Kláða þar sem væntingar og kröfur samtímans hafa margvísleg áhrif á líf og hegðun sögupersóna.

Í þessari nýju bók er Fríða enn á persónulegum nótum líkt og í sinni fyrstu ljóðabók. Í forgrunni eru varnir og varnarleysi manneskjunnar – nektin undir fötunum, kvikan undir skrápnum, fegurðin, ástin, sorgin og tilfinningarnar í skjóli varnarhjúpa og hýðis af ýmsum toga. Leðurjakkinn er tilvalin brynja ef svo ber undir enda kemur hann við sögu.

Undirliggjandi er þó ekki aðeins varnarleysi því að innsti kjarninn getur verið harður eins og avókadó- eða mangókjarni. Og stundum er hann einfaldlega eitthvað sem sogar allt til sín eins og svartholið …

*óseðjandi svarthol*
*sem þráir aðeins eitt*
*viðurkenningu þeirra*
*sem veita hana ekki. (38)*

Ljóðabókin Leðurjakkaveður fjallar þó ekki eingöngu um varnir og brynjur heldur öðrum þræði um mörk og ramma. Gluggar húsanna „eru samtímis inni og úti“. Þessi mörk geta verið okkar eigin spegilhjúpur …




*eins og múr*
*utan um heimsveldi*
*eða gaddavír um*
*bithaga*

því að manneskjunni hættir til að spegla sig í skuggsjá eigin harma og sjálfsefa eins og við lesum til dæmis í ljóðinu Skuggsjá. Samspil hörku og mýktar kemur víða fram í ljóðum þessarar bókar og myndgerist til dæmis snilldarlega í ljóðinu SIGG …

…

*þegar manneskja þarf að herða sig*
*verður til sigg*
*mjúka G-ið verður tveggja G-a högg*
*og hörundið marglaga leður*
*fingurgómarnir eru sigggrónir*
*af því að án siggsins*
*gæti ég ekki spilað á gítarinn*

…

Engum blöðum er um það að fletta að Fríða Ísberg er þrátt fyrir ungan aldur einn athyglisverðasti höfundur sem komið hefur fram á síðustu árum. Ljóð hennar eru í senn persónuleg, áleitin og grípandi. Þau spegla sig í sálarlífi lesandans og tala beint til hans, skýr og skiljanleg en um leið myndræn og rík af nýstárlegu táknsæi.

**Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Vekjandi ljóðabók eftir áhugaverðan höfund.



**Piazzolla-kvintett kemur fram á Múlanum í kvöld.**

## Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 25. OKTÓBER 2019

### Orðsins list

**Hvað?** Morgunverðarfundur
**Hvenær?** 8.00-10.00
**Hvar?** Grand Hótel við Sigtún
Félag atvinnurekenda, Landssamband eldri borgara og Húseigendafélagið standa fyrir fundi í salnum Hvammi sem er á jarðhæð. Hann hefur yfirskriftina Eru fasteignir féþúfa? Léttur morgunverður er í boði frá 8.00.



**Söngkonan Marína Ósk er með útgáfutónleika í Hömrum, Hofi í kvöld.**

**Hvað?** Söknuðurinn eftir Grænlandi
**Hvenær?** 12.00-13.00
**Hvar?** Þjóðarbókhlaðan
Sumarliði R. Ísleifsson fjallar um afstöðu Íslands til Grænlands á 20. öld, með sögulegum aðdraganda.

### Tónlist

**Hvað?** Útgáfutónleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hamrar, Hofi, Akureyri
Söngkonan Marína Ósk fagnar útgáfu sinnar fyrstu sólóplötu, Athvarf, og flytur plötuna í heild sinni, með hljómsveit.

**Hvað?** Tríóið Hist
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Tríóið skipa Eiríkur Orri Ólafsson á trompet, tölvu og hljómborð, Róbert Sturla Reynisson á gítar og Magnús Trygvason Eliassen á trommur. Miðaverð er 2.500 kr.

**Hvað?** Piazolla-kvintett
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Björtuloft, Hörpu
Jón Þorsteinn Reynisson, Joaquin Páll Palomares, Ásgeir Ásgeirsson, Jón Bjarnason og Alexandra Kjeld flytja tónlist argentínska tangómeistarans Astors Piazzolla. Miðaverð 2.500 kr.

### Myndlist

**Hvað?** Í fótspor gömlu meistaranna
**Hvenær?** 8.30-16.00
**Hvar?** Hlutverkasetur, Borgartúni 1.
Anna Henriksdóttir myndlistarkennari sýnir olíuverk unnin með gömlum málunaraðferðum. Gengið er inn sjávarmegin.

**Hvað?** Sögur úr sveitinni
**Hvenær?** 16.00-18.00
**Hvar?** Listasalur Mosfellsbæjar, Þverholti
Pétur Magnússon opnar sýningu þar sem bæði manneskjur og dýr koma við sögu. Aðgangur er ókeypis og öll velkomin.

**Hvað?** Listamannsspjall
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Páll Haukur verður í forkirkju Hallgrímskirkju í tengslum við sýningu sína Ósegjanleiki /An Unspeakable. Léttar veitingar verða í boði.

### Aðrir viðburðir

**Hvað?** Lunch/Hádegisverður
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Tjarnarbíó, Tjarnargötu
Northern Network for Performing Arts og Tjarnarbíó kynna sviðsverk/gjörning. Aðeins ein sýning!

**Hvað?** Tangó praktika og milonga
**Hvenær?** 21.00-24.00
**Hvar?** Kramhúsið, Skólavörðustíg
Argentínskur tangó dunar í Kramhúsinu. Dj er Kristinn og gestgjafi er Svanhildur Ó. Ókeypis er á praktíkuna, en 1.000 króna aðgangseyrir að milongunni fyrir eldri en 30 ára.



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# HREKKJAVAKA



**159 kr./kg**

**Halloween Grasker**
5 - 7 kg




**695 kr./ks**

**Klementínur Kassi**
2 kg

SAMA VERÐ UM LAND ALLT

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ




Bakað úr heilu
**HVEITIKORNI**
og rúgi

**359 kr./stk.**

**Myllan Lífskornabrauð**
3 teg., 450 g

500g




**198 kr./500 g**

**ES Döðlur**
500 g

VEGAN




**298 kr./300 g**

**Anamma Veganvörur**
Bollur, hakk og snitsel, frosið, 300 g

## Réttur mánaðarins

## Sparaðu tíma og fyrirhöfn
Fulleldaðir réttir - Aðeins að hita




**1.998 kr./stk.**

**Bónus Lambakjöt í karrý**
1 kg - Verð áður 2.298 kr.







**1.198 kr./stk.**

**Bónus Bolognese Kjötsósa**, 1 kg
**Bónus Plokkfiskur**, 1 kg




**1.598 kr./stk.**

**Bónus Kjötsúpa**
1 kg

Verð gildir til og með 27. október eða meðan birgðir endast.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**4.595 kr./kg**

**ÍN Ungnauta Ribeye**
Ferskt og fullmeyrnað




**4.595 kr./kg**

**ÍN Ungnauta Fillet**
Ferskt og fullmeyrnað




**298 kr./250 g**

**Bónus Bóndabeikon**
Pressað, 250 g




**2.598 kr./kg**

**ÍN Ungnauta Gúllas**
Ferskt og fullmeyrnað




**2.598 kr./kg**

**ÍN Ungnauta Snitsel**
Ferskt og fullmeyrnað

Íslenskt
Lambakjöt




**1.579 kr./kg**

**ÍL Lambalæri**
Ferskt, kryddað, 2019 slátrun

ÍSLENSKT
gjörið svo vel



KS

**898 kr./kg**

**KS Lambabógur**
Heill, frosinn, 2019 slátrun



**798 kr./kg**

**KS Súpukjöt**
Frosið, 2019 slátrun

BÓNUS

EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
**Bónus Smáratorgi og Skeifunni:** Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

Íslenskt alla helgina



| | |
|---|---|
| Kappsmál | fös. kl. 19.45 |
| Vikan | fös. kl. 20.40 |
| Sporið | lau. kl. 19.45 |
| Silfrið | sun. kl. 11.00 |
| Stundin okkar | sun. kl. 18.00 |
| Landinn | sun. kl. 19.45 |
| Svona fólk | sun. kl. 20.30 |
| Pabbahelgar | sun. kl. 21.20 |

RÚV okkar allra

# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## RÚV SJÓNVARP

**12.35 Kastljós**
**12.50 Menningin**
**13.00 Útsvar 2017-2018 Ölfus - Fljótsdalshérað**
**14.10 Enn ein stöðin**
**14.35 Séra Brown**
**15.20 Söngvaskáld KK** KK flytur nokkur laga sinna að viðstöddum áheyrendum í myndveri RÚV. Stjórn upptöku: Jón Egill Bergþórsson.
**16.20 Saman að eilífu**
**16.50 Íþróttagreinin mín - Sleðar** Það sem almennt er kallað „luge“ eru litlir sleðar, eins eða tveggja manna. Keppendur liggja á bakinu og bruna niður ísbraut.
**17.20 Landinn Landinn 13. október** Landinn býr til járn með fornum aðferðum í Dölum. Við hittum systur sem settu sér það markmið að ganga allar götur í íslenskum bæjum þar sem búa fleiri en 100 manns. Við höldum áfram að fjalla um tilraunir til þess að búa til íslenskt límtré. Við heimsækjum Tónlistarskólann á Patreksfirði og förum í svifflug.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Fótboltastrákurinn**
**18.29 Tryllitæki**
**18.36 DaDaDans Hamingjan er hér** Þennan dans geta ALLIR dansað! Hamingjan er hér. Lag: & texti: Jónas Sigurðsson. Dansarar: Una Lea Guðjónsdóttir, Rut Rebekka Hjartardóttir, Helena María Davíðsdóttir, Embla María Davíðsdóttir, Gabríel Máni Kristjánsson, Arnaldur Halldórsson. Danshöfundur: Sandra Ómarsdóttir
**18.40 Krakkavikan**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Kappsmál**
**20.40 Vikan með Gísla Marteini**
**21.25 Á vit draumanna** Breskir gamanþættir um hjónin Mal og Jen sem ákveða að flýja rigninguna í Bretlandi og flytjast til Flórída þar sem þau taka við rekstri á hjólhýsasvæði. En lífið í Ameríku reynist ekki alveg jafn ljúft og þau höfðu gert sér í hugarlund. Aðalhlutverk: John Crosby, Rosie Day og Philip Glenister.
**22.15 Barnaby ræður gátuna - Eðalmorð**
**23.45 Síðustu stríðsmennirnir** Ævintýramynd með Clive Owen í hlutverki stríðsmannsins Raiden sem rís upp gegn illum einræðisherra og leitar hefnda fyrir niðurlægingu húsbónda síns. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. e.
**01.35 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.05 BMW Ladies Championship** Útsending frá BMW Ladies Championship á LPGA-mótaröðinni.
**12.35 Inside the PGA Tour** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.
**13.00 The Zozo Championship** Útsending frá The Zozo Championship á PGA-mótaröðinni.
**17.00 BMW Ladies Championship**
**21.30 BMW Ladies Championship** Bein útsending frá BMW Ladies Championship á LPGA-mótaröðinni.
**01.35 Champions Tour Highlights** Svipmyndir frá helstu mótunum í Champions Tour.
**02.30 The Zozo Championship** Bein útsending frá The Zozo Championship á PGA-mótaröðinni.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Late Late Show**
**09.30 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 Family Guy**
**14.15 The Voice US**
**15.00 Top Chef**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Late Late Show**
**19.00 America's Funniest Home Videos**
**19.20 Will and Grace**
**19.45 Man with a Plan**
**20.10 The Voice US**
**21.40 Rocky Balboa**
**23.20 Shame**
**01.00 The Late Late Show**
**01.45 Yellowstone**
**02.30 FEUD**
**03.30 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Í ljósi sögunnar**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Óskastundin**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**13.50 Þjóðsögur Jóns Árnasonar Hörgshóls-móri**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Heimskviður**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Sögur af landi**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Skyndibitinn**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestarklefinn**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Brot úr Morgunvaktinni**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Flugur Elvis Presley**
**19.45 Lofthelgin**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan: Að breyta fjalli**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestarklefinn**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.45 Swan Princess: Royally Undercover**
**13.05 Ghostbusters**
**14.50 Ocean's Thirteen**
**16.50 Swan Princess: Royally Undercover**
**18.10 Ghostbusters**
**19.55 Ocean's Thirteen**
**22.00 Lady Macbeth**
**23.30 Jumanji: Welcome to the Jungle**
**01.30 Breaking In**
**03.00 Lady Macbeth**

## STÖÐ 2

**07.00 Tommi og Jenni**
**07.25 Friends**
**07.50 Gilmore Girls**
**08.35 Brother vs. Brother**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Famous In Love**
**10.15 The New Girl**
**10.35 Seinfeld**
**11.00 Hand í hand**
**11.45 Lose Weight for Good**
**12.10 Feðgar á ferð**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Sleepless in Seattle**
**14.45 Robin Williams: Come Inside My Mind**
**16.50 The Truth About Stress**
**17.45 Bold and the Beautiful**
**18.05 Nágrannar**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55 Ísland í dag** Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
**19.10 Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.20 Veður**
**19.25 Föstudagskvöld með Gumma Ben** Fjölbreyttur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna í beinni útsendingu.
**20.15 X-Factor Celebrity**
**21.35 21 Grams**
**23.35 Red Sparrow**
**01.50 Maze Runner: The Death Cure**
**04.10 Sleepless in Seattle** Rómantísk gamanmynd með Tom Hanks og Meg Ryan.

## STÖÐ 3

**19.10 Two and a Half Men**
**19.35 The Big Bang Theory**
**20.00 Friends**
**20.25 Seinfeld**
**20.50 The Simpsons**
**21.15 American Dad**
**21.40 Barry**
**22.15 Castle Rock**
**23.05 Lýðveldið**
**23.30 Euphoria**
**00.25 Seinfeld**
**00.50 Two and a Half Men**
**01.15 The Big Bang Theory**
**01.35 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**08.10 AZ Alkmaar - Astana**
**09.50 Celtic - Lazio**
**11.30 KR - Þór Þ.** Útsending frá leik í Domin's-deild karla.
**13.40 Arsenal - Vitoria**
**15.20 Partizan Belgrad - Manchester United**
**17.00 La Liga Report**
**17.30 Evrópudeildarmörkin**
**18.20 Grindavík - Njarðvík** Bein útsending frá leik í Domin's-deild karla.
**20.10 Stjarnan - Keflavík** Bein útsending frá leik í Domin's-deild karla.
**22.10 Domino's körfuboltakvöld karla** Leikirnir í Domin's-deildinni gerðir upp af sérfræðingum Stöðvar 2 Sport.
**23.50 UFC Now** Flottir þættir þar sem farið er ítarlega í allt sem við kemur UFC og blönduðum bardagalistum.

## STÖÐ 2 SPORT 2

**18.55 Villarreal - Deportivo** Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,9 Lindin |
| FM 89,5 Retro | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga | |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 95,7 FM957 | FM 97,7 X-ið | FM 100,5 K100 | |

# „SNERTI MIG SVO DJÚPT“

Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljunni

## EINRÓMA LOF GAGNRÝNENDA – SANNKALLAÐUR YNDISLESTUR!

AÐFERÐIR TIL AÐ LIFA AF
EFTIR GUÐRÚNU EVU MÍNERVUDÓTTUR



ÁRNASYNIR




★★★★

„Það skrifar enginn eins og Guðrún Eva Mínervudóttir. ... Falleg og áleitin saga um fólk í öllum sínum einfalda og flókna veruleika.“
**BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR, FRÉTTABLAÐINU**

„Guðrún Eva Mínervudóttir býr yfir sjaldgæfri gáfu. Hún getur skrifað um harmræna og dramatíska atburði án þess að falla í gryfju tilfinningasemi en er þó langt frá því að vera fjarlægur eða kaldur höfundur.“
**MARIANNA CLARA LÚTHERSDÓTTIR, VÍÐSJÁ Á RÁS 1**

„Snerti mig svo djúpt ... Gríðarlega vel skrifuð og persónusköpunin mjög eftirminnileg. ...Uppáhaldsbókin mín eftir hana.“
**KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR, KILJUNNI**

„Það sker mann hvað [drengurinn] er umkomulaus.“
**EGILL HELGASON, KILJUNNI**

„Fullt af þungum og stórum hlutum sem Guðrún Eva skrifar um af ótrúlega næmum léttleika.“
**ÞORGEIR TRYGGVASON, KILJUNNI**

BJARTUR | VERÖLD

bjartur-verold.is

# Ævilangur draumur að gera gallabuxur

Síðasta föstudag var nýjasta lína Geysis sýnd í Listasafni Reykjavíkur, en hún hlaut mikið lof áhorfenda. Öllu var tjaldað til og sýningin hin glæsilegasta. Yfirhönnuður merkisins, Erna Einarsdóttir, ræddi við Fréttablaðið um innblásturinn og drauminn sem rættist.



Erna Einarsdóttir hóf störf hjá Geysi árið 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kveikjan að línunni varð til á þeim tíma sem ég var í fæðingarorlofi, í þessu klassíska ástandi að labba með vagn um Reykjavík. Ég var mikið að ramba fram á þessar styttur sem eru úti um allan bæ. Ég fór reyndar alveg sérstaklega á Ásmundarsafn að skoða stytturnar eftir hann. Þar er styttan Fýkur yfir hæðir, sem er mjög þekkt. Ég held að flestir viti hvaða stytta þetta er, þótt þeir viti kannski ekki nákvæmlega hvað hún heitir,“ segir Erna Einarsdóttir, yfirhönnuður Geysis, um tilurð nýjustu línu merkisins.



Söngkonan Bríet tók þátt í að sýna línu fatamerkisins. MYND/ALDÍS PÁLSDÓTTIR

### Innblástur úr formum og litum

„Þetta er móðir að faðma og vernda barnið sitt. Út frá því kom hugmyndin og innblásturinn að línunni. Orðið móðurást var mér hugleikið á meðan ég hannaði línuna.“

Hún segir styttuna og Ásmundarsafn hafi orsakað það að hún fór að rölta frekar um að skoða verk hans. Í formum og litum sem komu til hennar úr verkum hans, fann hún innblástur að línunni sem frumsýnd var fyrir viku við gífurlega góðar undirtektir.

„Ég er kannski að horfa á einhvern skúlptúr og tek sérstaklega eftir formi eða mynstri. Svo tek ég það út og vinn út frá því. Innblásturinn kemur svo líka frá konunum í kringum mig. Ég leita líka mikið eftir því að hanna fatnað sem er þægilegur á konur í dag, í bænum og í lífinu. Þegar ég hanna hverja línu er ég ekki endilega að leitast við að byrja með einhverja nýja stefnu. Ég sé þetta frekar þannig fyrir mér að ég sé alltaf að komast nær því sem ég vil í huganum.“



Erna sótti innblástur í verk Ásmundar Sveinssonar. MYND/EYDÍS

Ernu hafði lengi dreymt um að gera gallabuxur og fékk loksins tækifæri til þess við gerð nýjustu línunnar. MYND/EYDÍS MARÍA ÓLAFSDÓTTIR

### Dreymdi um að gera gallabuxur

Erna segir fatamerkið vinna mikið með lagskiptingu og hlýjan og vandaðan fatnað. Hann sé hannaður með hina íslensku konu í huga.

„Hingað til höfum við ekki endilega getað lagaskipt heilklæðnað því það var minna um neðri hluta. Núna tókum við þá ákvörðun að gera gallabuxur. Það er algjörlega ævilangur draumur að rætast að fá að gera það. Það er smá fyndið, ég hef ekki sagt neinum þetta, en ég sagði þetta einmitt við eigendur fyrirtækisins þegar þeir nálguðust mig varðandi að hanna fyrir Geysi. Á þeim tíma var fyrirtækið mest í prjónavörum úr íslenskri ull. Þeir spurðu hvað ég myndi gera fyrir Geysi og ég svaraði um hæl að ég myndi ábyggilega gera gallabuxur,“ segir Erna hlæjandi.

Hún segir gallabuxnagerð ekki hafa verið alveg í takt við það sem Geysir var að gera á þeim tíma, en Ernu fannst liggja beint við að tvinna saman ullarvörur og flík eins klassíska og gallabuxur. Henni þykir gífurlega vænt um að hafa fengið tækifærið til að láta drauminn rætast. Það sé nokkurs konar kaldhæðni örlaganna.

> ÞETTA ER ÞANNIG SÉÐ LÍKA ÁKVEÐINN SIGUR FYRIR MÉR. ÉG ER BÚIN AÐ SÝNA FRAM Á AÐ GALLABUXUR GANGA ALVEG UPP MEÐ GEYSISFATNAÐI.

„Það var svo fjarstæðukennt þá. Þetta er þannig séð líka ákveðinn sigur fyrir mér. Ég er búin að sýna fram á að gallabuxur ganga alveg upp með Geysis-fatnaði. Gallabuxur og prjónuð peysa er bara minn persónulegi staðalbúnaður. Auðvitað er maður oft að leita inn á við þegar maður hannar, meðvitað eða ómeðvitað.“

Hún segist alveg vera þar að hún hanni út frá því hvað hana sjálfa myndi langa í.

„Ég er kannski ekki að fara að hanna einhverja svakalega framsækna og öðruvísi kjóla, ég hef alltaf verið mjög praktísk, bæði í hönnun og í lífinu. Mig langar í falleg föt en ég vil líka geta gengið í þeim. En ég er mjög raunsæ einmitt og vil hafa ríkt notagildi í því sem ég hanna, ef ég væri ekki að hanna tísku væri ég að hanna borðbúnað og góðan stól. Ég tengi mikið við praktík og er skipulögð. Á sama tíma vil ég auðvitað ekki að það sem ég er að gera sé einsleitt eða óáhugavert. En manni eru takmarkanir settar með framleiðslu, ég get ekki látið gera endalaust af koparlituðum kápum því markaðurinn fyrir slíkar er einfaldlega ekki nógu stór. Því meira sem við stækkum því meira verður hægt að leika sér í framtíðinni. Því betur sem gengur, því frjálsari er maður í hönnuninni.“



Línan samanstendur af flíkum fyrir bæði kynin. MYND/ALDÍS PÁLSDÓTTIR

> EN MANNI ERU TAKMARKANIR SETTAR MEÐ FRAMLEIÐSLU, ÉG GET EKKI LÁTIÐ GERA ENDALAUST AF KOPARLITUÐUM KÁPUM ÞVÍ MARKAÐURINN FYRIR SLÍKAR ER EINFALDLEGA EKKI NÓGU STÓR.

### Dýrt silki og ullardragtir

Hún segist líka hafa brennt sig fyrst á því að vera ekki nógu praktísk.

„Það var fyrst þegar við vorum að kaupa inn efni. Þá keypti ég inn örugglega dýrasta silki í heimi. Kjólarnir sem ég ætlaði að gera hefðu ábyggilega þurft að kosta mörghundruð þúsund úti í búð. Tengingarnar með svona voru ekki alveg að smella, nýkomin úr skóla og áttaði mig ekki á því hvað lokaútkoman myndi kosta.“

Hún vill halda þeirri stefnu við sem hefur verið í lýði hjá Geysi síðustu ár að gera tímalausar flíkur sem eru ekki dottnar úr tísku árið eftir. Aðspurð hvort henni finnist eitthvað úr fyrri línum eftir hana algjörlega hafa misst marks í dag segir hún svo vera, en ekki endilega af sömu ástæðu og ætla mætti.

„Það var meira eitthvað sem mig langaði rosalega mikið að myndi virka en gerði það ekki. Það var kannski ósk mín að allar konur myndu fatta og fíla þetta. Það átti við þegar ég gerði 100 prósent ullarprjónabuxur og peysu í stíl. Ég sá fyrir mér að konur myndu hoppa út í þessum brjáluðu ullardrögtum en það varð ekki raunin,“ svarar hún hlæjandi og heldur svo áfram: „Það er samt leiðinlegt að þurfa alltaf bara að hugsa um hvað selst. Það er gaman að krydda þetta líka upp og sýna skýrt einhverja ákveðna stefnu.“ steingerdur@frettabladid.is

# ILVA



# Sófadagar

## 20-30% AF ÖLLUM SÓFUM & HÆGINDASTÓLUM

**24. OKTÓBER - 4. NÓVEMBER**

**CHISA 3JA SÆTA SÓFI**
með koparlituðu flaueli. L149 cm. 69.900 kr. Nú 55.900 kr.

©ILVA áskilur sér rétt að leiðrétta augljósar villur.

20%



**FLUENTE 3JA SÆTA SÓFI**
með gulu flauelsáklæði. L197 cm. 159.900 kr. Nú 127.900 kr.

20%



**CLEVELAND HORNSÓFI + LEGUBEKKUR**
með gráu áklæði. L308xD203 cm. 179.900 kr. Nú 143.900 kr.

20%



**LARVIK TUNGUSÓFI**
með gráu áklæði. L225xD140 cm. 159.900 kr. Nú 127.900 kr.

30%



**LOTUS HORNSÓFI + LEGUBEKKUR**
með bláu áklæði. L290xD200 cm. 239.900 kr. Nú 167.900 kr.

25%



**KINGSTON 2,5 SÆTA SÓFI**
með Kate sky gráu áklæði. L199 cm. 199.900 kr. Nú 149.900 kr.

20%



**RIA 2JA SÆTA SÓFI**
með bláu flauelsáklæði. L152 cm. 78.900 kr. Nú 62.900 kr. Til í fleiri litum.

## OKTÓBER TILBOÐ

**WWW.ILVA.IS/TILBOD**



**RELIEF GLÖS**
Karafla.0,7L. 7.995 kr. Nú 4.995 kr.
Kampavínsglas.25 cl. 4 í pk.
2.995 kr. Nú 1.995 kr.
Glas með handfangi. 27,5 cl. 4 í pk.
2.995 kr. Nú 1.995 kr.
Whisky glas. 31 cl. 2.995 kr. Nú 1.995 kr.

33%

20%

AF ÖLLUM SVEFNSÓFUM



**DEVON FLEX 150**
2ja sæta svefnsófi. L154 cm. 139.900 kr. Nú 111.900 kr.

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND








Hljómsveitina skipa Kristján Eldjárn, Agnes Björt Andradóttir, Stefán Finnbogason og Halldór Eldjárn. MYND/SAGA SIG

# Sykur eignast ungling

Í dag gefur hljómsveitin Sykur út plötuna JÁTAKK, þeirra fyrsta plata í heil átta ár. Sum lögin á henni hafa lengi fylgt þeim og því sé í raun hægt að líkja þessu við að eignast ungling í stað barns.

Á miðnætti kom út nýjasta plata hljómsveitarinnar Sykurs. Hún ber nafnið JÁTAKK, sem á vel við, þar sem aðdáendur sveitarinnar hafa þurft að bíða í heil átta ár eftir nýrri plötu. Síðast kom út platan Mesópótamía en hún sló rækilega í gegn og innihélt meðal annars slagarann Reykjavík.

**Byrjuðu upp á nýtt**

Hljómsveitin hefur verið dugleg að koma fram á þessum átta árum.

„Við höfum alltaf verið að spila því það er eitthvað sem okkur finnst einfaldlega svo skemmtilegt. Það er svo gaman að vera í hljómsveit og koma fram. Mörg af okkar lögum urðu líka til þegar við vorum að spila. Ætli helmingur sé ekki lög sem fólk hefur mögulega heyrt áður, hafi það séð okkur spila," segir Agnes Björt Andradóttir, söngkona sveitarinnar.

Hún segir þó öllu meiri dulúð svífa yfir vötnum þegar kemur að restinni af lögunum.

„Það eru lög sem við höfum aldrei spilað opinberlega. Þetta er mjög falleg tónlist, þótt ég segi sjálf frá. Þetta er tónlist sem stendur okkur nærri."

Hljómsveitin fylgdi Mesópótamíu eftir bæði hérlendis og erlendis. Agnes segir sveitina svo hafa verið komna langleiðina með næstu plötu, en örlög hennar urðu önnur en JÁTAKK.

„Hún lenti svo bara í ruslinu. Við vorum ekki að tengjast henni nógu mikið né nógu ánægð með hana, svo við byrjuðum hreinlega alveg upp á nýtt. Þannig að tæknilega séð er þetta fjórða platan okkar þótt þetta sé sú þriðja sem kemur út, þriðja lenti bara í ruslinu."



Plötuumslagið málaði myndlistarmaðurinn Þrándur Þórarinsson.

**VIÐ VORUM EKKI AÐ TENGJAST HENNI NÓGU MIKIÐ NÉ NÓGU ÁNÆGÐ MEÐ HANA, SVO VIÐ BYRJUÐUM HREINLEGA ALVEG UPP Á NÝTT. ÞANNIG AÐ TÆKNILEGA SÉÐ ER ÞETTA FJÓRÐA PLATAN OKKAR ÞÓTT ÞETTA SÉ SÚ ÞRIÐJA SEM KEMUR ÚT, ÞRIÐJA LENTI BARA Í RUSLINU.**

**Eins og að eignast ungling**

Hún segir þá plötu ekki formlega hafa verið komna með nafn.

„Jú, kannski NEITAKK! Nei, en að öllu gríni slepptu þá er það mikill léttir að þessi plata sé komin út. Við höfum lengi verið að spila sum lögin á henni og því lengi verið með þetta í maganum. Átta ár er langur tími, þannig að þetta er smá eins og að eignast ungling."

Sykur fer um víðan völl í tónlistinni á nýju plötunni, en sveitin hefur hingað til fyrst og fremst verið þekkt sem danshljómsveit.

„Það er algjörlega samhljómur á henni en við erum undir áhrifum margra mismunandi stefna. Það eru popp-danslög sem fólk tengir mest við hljómsveitina en svo eru líka þynnku kósílög, pönk og fleira. Það er mikið í gangi á þessari plötu."

**Með bjór í vasanum**

Hún segir þó alls ekkert stefnuleysi ríkja á plötunni heldur sé þetta meira eins og bland í poka, aðdáendur fá sitt lítið af hverju ásamt því að kynnast nýrri hlið á hljómsveitinni. En hvaðan kom nafnið JÁTAKK?

„Þetta er eitthvað sem við djókum mikið með. Við erum alltaf að segja þetta, ef við erum að fara eitthvert eða gera eitthvað. Við reynum að segja setningar í eins fáum orðum og við getum. Eins og bjórívas. Það varð til á tónleikaferðalagi erlendis þegar við vorum með bjór í vasanum, maður varð alltaf að vera með bjór í vasanum annars var maður NEITAKK. Mjög mikill einkahúmor," segir Agnes hlæjandi og heldur svo áfram: „En annars var kominn tími á að gefa út og JÁTAKK virkaði bara svo ótrúlega vel."

Lagið Svefneyjar stendur Agnesi nærri, en hún segir að margir gætu túlkað það sem ástarlag, sem það sé ekki.

„Lagið fjallar um dulúð, sem er eitthvað sem ég tengi mikið við. Þessi íslenska dulúð sem við höfum fram yfir aðrar þjóðir. Huldufólk og grjót. Það myndu allir halda að þetta væri ástarlag, en ég vil ekki segja of mikið."

Sykur kemur næst fram utandagskrár á Airwaves á Slippbarnum þann 7. nóvember og svo á sjálfri hátíðinni. Plötuna JÁTAKK er hægt að nálgast á öllum helstu streymisveitum. **steingerdur@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*


Lagersala
25. - 30. október
Allt að 80% afsláttur
66° NORÐUR
Fullorðnir
Snæfell vegan parka
~~59.000 kr.~~ 17.700 kr.
Ok dúnjakki
~~37.000 kr.~~ 14.800 kr.
Dalvík stuttermabolur
~~7.000 kr.~~ 4.200 kr.
Sandvík rennd peysa
~~14.000 kr.~~ 7.000 kr.
Snæfell jakki
~~55.000 kr.~~ 33.000 kr.
Vík hálfrennd peysa
~~11.000 kr.~~ 5.500 kr.
Arnarhóll regnkápa
~~24.000 kr.~~ 14.400 kr.
Esja parka úlpa
~~67.000 kr.~~ 20.100 kr.
Gunnar rennd hettupeysa
~~22.000 kr.~~ 13.200 kr.
Snæfell vegan parka
~~59.000 kr.~~ 29.500 kr.
Dyngja húfa
~~4.900 kr.~~ 3.430 kr.
66°N sokkar
~~1.900 kr.~~ 1.140 kr.
Krakkar
Magni kuldagalli
~~25.000 kr.~~ 12.500 kr.
Svanur dúnúlpa
~~19.900 kr.~~ 11.940 kr.
Durinn peysa
~~8.900 kr.~~ 6.230 kr.
Kría heilgalli
~~8.900 kr.~~ 6.230 kr.
Vinsamlegast athugið að verð á lagersölu á aðeins við ákveðnar vörur og liti af vörum í vörulínu okkar. Verð á lagersölu geta lækkað meðan á lagersölu stendur.
Útsölumarkaður | Faxafeni 12 | 108 Reykjavík
Skipagata 9 | 600 Akureyri
Opnunartími á lagersölu: fim-fös 9-21 | lau. 10-21 | sun. 12-21
Opnunartími á lagersölu: fim-fös 10-18 | lau. 11-17 | sun. 12-17
Valdar vörur á afslætti í vefverslun okkar: 66north.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Þórarins Þórarinssonar




## Völuspá?

Sérkennilegur er hann söfnuðurinn sem gargar hæst gegn neyðaraðgerðum í loftslagsmálum og illt að ekki megi réttilega kalla hann heimskan. Eftir háskalega vel heppnaða tangarsókn að tungumálinu, frá hægri og vinstri, er slíkt víst bannað á upplýsingaröld merkingarleysunnar.

Áður var „heimskingi“ bara gott og gagnsætt orð yfir fólk sem í grautarhausum sínum sullar saman skoðunum og tilfinningum í bland við vísindalegar og sögulegar staðreyndir, staurblint á muninn á fréttum og falsfréttum.

Sælir eru þó einfaldir því þeir munu umræðuna erfa og þá að öllum líkindum jörðinni eyða með Nóaflóði ranghugmynda, sigri hrósandi á rökfræðilegri blindgötunni.

Orð, jafnvel brengluð, eru enn til alls fyrst og upplausn tungumálsins er, með fullri virðingu fyrir Gretu Thunberg, jafnvel hættulegri jarðlífinu en hnattræna hlýnunin þótt þar hrökkvi ein ranghugmynd skammt.

En því miður eru yfirgnæfandi líkur á því að þeir sem hafna því sem er að gerast yfir hausamótunum á þeim trúi einnig að Satan búi í Brussel, að helstu og elstu banda- og nágrannaþjóðir okkar sitji á svikráðum við Íslendinga, að skepnuskapur Ísraela í Palestínu sé bara hið besta mál og að Donald Trump sé svar 21. aldarinnar við Sókratesi. Að konur megi ráða yfir líkama sínum til þess að selja hann en ekki þegar þær vilja binda enda á meðgöngu og að fólk á flótta streymi hingað til þess að éta aldraða og öryrkja út á gaddinn.

Samkvæmt orðabókinni brestur þau sem svona hugsa í versta falli vit, eru vitgrönn eða heimskuleg en í besta falli heyra þau heimilinu til, eru heimafengin.

Vituð þér enn eða hvað?











FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

HÄSTENS VERSLUN
Faxafeni 5, Reykjavík
588 8477

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra BAK